



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. maí 2006 – 126. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Ný skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgi flokka fyrir sveitarstjórnarkosningar á Ísafirði:

## Í-listinn fengi fimm fulltrúa af níu

**SKOÐANAKÖNNUN** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins er Í-listinn með mest fylgi flokka fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á Ísafirði og fengi 56,6 prósent atkvæða ef boðað yrði til kosninga nú, eða fimm bæjarfulltrúa kjörna.

Magnús Reynir Guðmundsson, sem er í öðru sæti Í-listans segir könnunina sýna að málflutningur þeirra hafi náð til fólksins, sem vilji breytingar. „Við erum með mjög samstilltan hóp með konur í meirihluta og fólk vill greinilega breytingar.“

Næstmest fylgi fékk Sjálfstæðisflokkur, eða 29,8 prósent sem myndi þýða að flokkurinn

fengi þrjá bæjarfulltrúa kjörna. Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðisanna á Ísafirði og bæjarstjóri, segir sjálfstæðismenn alltaf hafa gert ráð fyrir því að nýju framboði Í-lista myndi ganga vel í skoðanakönnunum til að byrja með.

„Það er alveg gífurlegur uppgangur í þessu bæjarfélagi eftir mögur ár og ég trúi því að íbúarnir, þegar þeir bera saman


árin áður en við tókum við og það sem hefur gerst í okkar stjórnatíð, þá sjái þeir að við höfum náð gríðarlega góðum árangri.“

Framsóknarflokkur fengi, samkvæmt könnuninni, 13,5 prósent atkvæða og einn bæjarfulltrúa kjörinn. „Þetta kemur ekki á óvart miðað við nýlega skoðanakönnun NFS,“ segir Guðni Geir Jóhannesson,

oddviti Framsóknarflokks. „En þetta veldur mér að sjálfsgögu vonbrigðum. En það styttist í kosningar og við þurfum að hafa okkur alla við til að snúa þessu við. Það er ekki mikið meira um þetta að segja, en maður er hissa miðað við hvernig uppvöxtur Ísafjörðarbæjar hefur verið á þessu kjörtímabili og greinilegt að íbúarnir eru ekki að þakka fyrir það.“

Einnig var spurt hvort Vestfirðir ættu að vera stóriðjulaust svæði og voru 83,8 prósent svaraenda því sammála, en 16,2 prósent vildu ekki að Vestfirðir yrðu stóriðjulaust svæði.

- shá / - ss / sjá síðu 6



### Magnaður undanúrslitabáttur

Inga Þóra Ingvarsdóttir komst í úrslit Meistarans eftir dramatískan þátt.

FÓLK 54



### Galbraith látinn

Hannes Hólmsteinn Gissurarson skrifar um hagræðinginn heimskunna John Kenneth Galbraith, sem lést á dögunum, 97 ára að aldri, en Hannes snæddi eitt sinn kvöldverð með honum og komst að því hvers vegna hann veigraði sér við að mæta Hayek og Friedman í kappæðum.

Í DAG 30



### Ræðir við Yoko Ono

Alþjóðlega listasetrið á Eidum er í samstarfi við Ara Alexander um gerð hundrað þátta heimildarmyndar sem byggir á viðtölum hins heimspekkta sýningarstjóra Hans Ulrich Obrist.

FÓLK 54




### Áfram í Englandi

Guðjón Þórðarson ætlar að halda áfram að stýra enska knattspyrnuöliðinu Notts County næsta vetur. Hann er ákveðinn í að koma liðinu upp um deild en litlu máttu muna að liðið félli í vetur.

ÍÞRÓTTIR 48

### VEDRID Í DAG



**STÖKU ÉL NORÐAUSTAN TIL** - í dag verður yfirleitt fremur hæg norðaustlæg átt. Nokkuð bjart vestan til og stöku él norðaustan og austan til. Hiti 0-8 stig, mildast syðst. Næturfröst.

VEÐUR 4



**CLINTON RÆÐIR VIÐ BAUGSMENN Í KAUPMANNAHÖFN** Það var ekki amalegur félagsskapurinn hjá Baugsmönnum í Kaupmannahöfn í gær en þeir fengu Bill Clinton, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, til að halda fyrir sig ræðu í Tivolíinu í gær. Fleiri vildu líta kappann og því var fjölmennt fyrir utan Tivolíið þegar hann var þar á ferðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

## Landlæknir segir að tengsl ráði lyfjaverði

Landlæknir segir að ástæðan fyrir háu lyfjaverði sé tengsl heildsala og lyfjakeðjanna Lyfju og Lyfs og heilsu. Hægt væri að flytja inn þrefalt til elleufalt ódýrari lyf. Ýta þurfi frumlyfjunum út af markaðnum fyrir ódýrari samheitalyf.

**LYFJAVERÐ** „Verðmunur lyfja með sömu virkni, en frá ólíkum framleiðanda, er allt frá því að vera þrefaldur til elleufaldur á milli Íslands og Danmerkur,“ segir Sigurður Guðmundsson landlæknir. Sigurður segir að ástæðan sé sú að á markaði í Danmörku sé hægt að fá samheitalyf við þau sem upprunalega voru framleidd. Þau séu ekki flutt hingað inn nema í litlum mæli.

„Við höldum að ástæðan sé fyrst og fremst sú að hér á landi er markaðurinn í höndum tveggja keðja, sem eru Lyfja og Lyf og heilsa. Eftir því sem ég skil fara þau með niútiú prósent markaðarins. Þau eru tengd helstu lyfjainnflytjend-

um á landinu, þannig að það er hagar þeirra að halda áfram að flytja inn dýru lyfin. Þeir sem hafa hug á að flytja inn ódýrari lyf komast ekki inn á markaðinn,“ segir Sigurður. Lyfsólukerjurnar hafi ekki hag af því að hafa ódýru lyfin í hillunum, heldur þau dýru og fá þau niúrgreidd.

„Á þessu leyti stendur markaðurinn snig ekki,“ segir Sigurður. En þetta snið samkomulag heilbrigðisráðuneytisins og lyfjagreiðslunefndar við lyfjaframleiðendur og heildsala ekki, heldur að verði þeirra lyfja sem fást hér kosti það sama ytra. Sigurður segir að búið sé að

ræða við lyfjaframleiðendur og lyfjainnflytjendur. Bregðist þeir ekki við gagnrýni heilbrigðisfrivalda komi til greina að ríkið flytji lyfin inn sjálfst eða að það komi lyfjunum inn á markaðinn gegnum apótek sem hefðu áhuga á því.

„Þegar lyfin sem eru til sölu í landinu eru svona dýr er auðvelt fyrir innflytjendur að veita afslátt. Því hefur það gerst að apótekin veita afslátt af lyfjum til sjúklinga. Ríkið nýtur ekki afsláttarins,“ segir Sigurður. Við þessu vilji þeir einnig bregðast og eru uppi hugmyndir um að skilyrða afsláttinn handa báðum ákveði apótekin að veita afslátt.


- gag

## Listahátíð verður sett í dag: Listviðburðir skipta tugum

**MENNING** Listahátíð í Reykjavík verður sett í Borgarleikhúsinu í kvöld og er það í tuttugasta sinn sem hátíðin er haldin. Listamenn hátíðarinnar koma úr öllum heims hornum og þar á meðal frá Suður-Afríku og El Salvador.

Fimmtíu listviðburðir eru á dagskránni þar sem sex hundruð listamenn koma fram, þar af fjögur hundruð íslenskir. Guðrún Kristjándóttir kynningarstjóri segir hátíðina vítamín-sprautu fyrir íslenskt menningarlíf þar sem ætíð fæðist eitthvað nýtt og spennandi. Hátíðin stendur til 2. júní næstkomandi.

- shá



**AFÍNG** Brasilíski danshöpurinn Grupo Corpo stígur á svið í kvöld.

## Bílar á útsölu

Alvöru útsala hjá Bilalandi B&L dagana er hafin og stendur til 13. maí. Útsalan verður aðeins í þrjá daga. Þá eru bílar í boði á verðum góðum kjörum eða með allt að 400 þúsund króna afslátt.

Ef þig vantar bíl á alvöru útsöluverði, þá gæti borgað sig að koma við í Bilalandi B&L.



Grjóthálsi 1  
bilaland.is

80 ára afmæli  
Ljósmyndarafélags  
Íslands:

**AUGNABLIK  
TIL FRAMTÍÐAR**

Stóriðburður á Íslandi  
fyrir fagljósmyndara og aðila  
í tengdum greinum  
á Grand Hótel 13. og 14. maí.  
Nánari upplýsingar, dagskrá  
og skráning á [www.is.is](http://www.is.is)



SPURNING DAGSINS

Jakob, er þreytandi að svara þittum frá ráðherra?

Það er ekkert þreytandi ef maður tekur réttu þillumar.

Lýfjaverð hefur verið til umræðu að undanförmu. Jakob Falur Garðarsson, formaður Frumtaka sem eru samtök framleiðenda frumlyfja, segir óþolandi að heilbrigðisráðherra setji þá í sama flokk og Activis í umræðunni um hátt lýfjaverð.

Aðilar vinnumarkaðarinn um verðbólgu mælingu upp á 7,6 prósent:

Vandinn er efnahagslegur

VINNUMARKAÐUR Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASI, segir að engin von sé til þess að þróun efnahagsmála verði innan marka við endurskoðun kjarasamninga 15. nóvember. „Til þess hefur tíminn runnið frá okkur,“ segir hann um það að verðbólga sé 7,6 prósent.

„Til að ná stjórn á efnahagsmálunum verður ríkisstjórnin að skilgreina þetta sem efnahagslegan vanda, skoða sína stefnu og breyta henni. Mér hefur ekki heyrst að það sé í bígæði.“

„Við sem munum eftir verðbólguárunum óttumst að sigla inn í víxlhækkun og tveggja stafa



VERÐBÓLGAN EYKST Aðilar vinnumarkaðarinn hafa áhyggjur af því að verðbólguþróunin stefni framleiðinguna kjarasamninga í haust í hættu.

verðbólguárunum. Það er spurning hvort ríkisstjórninni og aðilum

vinnumarkaðarinn takist að koma böndum á þessa þróun,“ segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI.

Guðlaugur Stefánsson, hagfræðingur SA, segir að einhverj ákvæði teki séu á lofti. „Fasteignamarkaðurinn er að kólna. Það mun draga úr verðbólgu lengra fram á þetta ár en vissulega er illt í efni.“

Guðlaugur telur að fólk á vinnumarkaði verði að vinna sameiginlega að því að koma í veg fyrir að Íslendingar festist ekki í víxlverkun verðlags og launa. Hið opinbera verði að draga úr framkvæmdum.

Falsaðir peningar á Akranesi:

Unglingspiltur játar fölsun

LÖGREGLUMÁL Unglingur á Akranesi hefur viðurkennt að hafa falsað fimm 500 krónu seðla og notað þá til greiðslu.

Fyrstu tveir seðlamir komu fram hjá gjaldkera KB banka á Akranesi, en þrír til viðbótar í Brekkubæjarskóla og Grundarskóla á sama stað.

Lögreglan hafði ákveðinn ungling grunaðan en áður en lögreglu-menn höfðu tal af honum gaf hann sig fram og viðurkendi að hafa falsað seðlana. Munu hafa runnið á hann tvær grímur þegar hann las í fjölmiðlum að athæfi af þessu tagi gæti varðað allt að 12 ára fangelsi.

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR 2006

Lesendur spyrja frambjóðendur

KOSNINGAR Fréttablaðið og vefurinn virsir.is bjóða kjósendum að leggja spurningar fyrir frambjóðendur flokkanna sem bjóða fram í Reykjavík fyrir bæjar- og sveitarstjórnarkosningar 27. maí.

Sérstakur kosningavefur hefur verið opnaður á virsir.is þar sem hægt er að koma á framfæri spurningum um hvað eina sem skiptir borgarbúa máli.

Nú gefst tækifæri til að spyrja frambjóðendur beint. Svörin birtast síðan í Fréttablaðinu og á vefnum virsir.is.



ÞJÓÐARÖRÝGGISRÁÐIÐ Bandarísk stjórnvöld ætla að búa til gagnagrunn yfir öll símtöl sem eiga sér stað í landinu.

Stjórnvöld safna upplýsingum:

Fylgst með öllum símtölum

WASHINGTON, AP Bandarísk stjórnvöld hafa með leynd safnað saman upplýsingum um símtöl óbreyttra borgara í Bandaríkjunum. Tilgangurinn er sá að búa til gagnagrunn yfir öll símtöl í landinu.

Bandaríska dagblaðið USA Today skýrði frá þessu í gær. Blaðið segir að fljótlega eftir hryðjuverkin 11. september árið 2001 hafi bandarísku símafyrirtækin AT&T, Verizon og BellSouth byrjað að senda skrár yfir símtöl viðskiptavina sinna til bandaríska þjóðaröryggisráðsins, NSA. Viðskiptavinir þessara fyrirtækja skipta tugum milljóna.

Hafnafirðingar kjósa um stækkun álvers

Alcan og Orkuveita Reykjavíkur skrifuðu í gær undir samning sem leysir úr 40 prósentum orkuþarfar fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík. Samningurinn tekur gildi 2010 og er til 25 ára. Hann er metinn á 60 milljarða.

STÓRIÐJA Orkuveita Reykjavíkur og Alcan á Íslandi skrifuðu í gær undir samning sem tryggir Alcan um 200 MW af raforku vegna fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík. Þetta jafngildir um 40 prósentum af áætlaðri orkuþarf sem 280 þúsund tonna framleiðsluaukning álversins krefst. Samningurinn er til 25 ára og gerir ráð fyrir að orkan verði tilbúin til afhendingar um mitt ár 2010 og hún komi frá jarðvarmavirkjunum Orkuveitunnar á Hellisheiði. Orkuveitan telur að samningurinn sé að verðmæti rúmlega 60 milljarða króna.

Undirritun samningsins í gær breytir því ekki að ákvörðun um stækkun álversins hefur ekki endanlega verið tekin. Alcan er í viðræðum við Landsvirkjun um þá raforku sem upp á vantar og Landsnet vegna flutnings á raforkunni. Stefnt er að því að ljúka þessum viðræðum síðar á þessu ári en einnig vantar starfsfólki frá Hafnarfjarðarbæ.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að endanleg ákvörðun um stækkun álversins í Straumsvík sé háð samkomulagi bæjarins og Alcan sem lúta að mengunarmálum, umhverfismálum og fjárhagslegum atriðum. Endanleg ákvörðun verði síðan í höndum Hafnafirðinga sjálfra. „Um leið og eitthvert slíkt samkomulag væri komið á borðið og áður en það hlýtur formlega afgreiðslu þá mun það fara fyrir íbúa bæjarins í sérstakri kosningu.“ Lúðvík segir að



FRÁ STRAUMSVÍK Ef fyrirætluð stækkun gengur eftir mun framleiðslugeta álversins aukast um 280 þúsund tonn á ári. Stjórnvöld hafa gefið vilyrði fyrir því að framleiðt séu 460 þúsund tonn á ári.

slík kosning verði líklega á næsta ári.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi, segir að mikilvægt skref hafi verið tekið í því ferli sem hófst árið 1999. Hann segir að samningur við Landsvirkjun gangi ágætlega en nokkuð sé ennþá í land. Spurður hvort samningurinn býddi að möðurfélagið væri hætt að skoða valkosti félagsins í öðrum löndum til að auka álframleiðslu sína svaraði Hrannar neitandi. „En þessi áfangi í dag segir að Alcan hefur mikla trú á þessu verkefni og áhuga á því.“

Dorsteinn Hilmarrson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að fleiri en Alcan ászelist orku frá



HRANNAR PÉTURSSON LÚÐVÍK GEIRSSON

Landsvirkjun en ákveðið hafi verið að fara í einkaviðræður við Alcan sem stæðu fram á mitt ár 2006 en þær viðræður verði framlangdar. Efnislega vildi Dorsteinn ekki tjá sig um viðræðurnar.



MARKS OG SPENCER Baugur hóf að kaupa bréf í keðjunni síðsumars í fyrra. j

Baugur selur í M&S:

Sex milljarða söluhagnaður

VIÐSKIPTI Miklar hreyfingar voru með bréf bresku verslunarkeðjunnar Marks og Spencer í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Baugur selt sinn hlut í keðjunni.

Baugur hóf að kaupa bréf í keðjunni síðsumars í fyrra, en þá var gengið 320 pens á hlut. Að undanförmu hefur gengið farið vel yfir sexhundrað pens.

Áætla má að söluhagnaður af sölu hlutarins í Marks & Spencer liggja á bilinu 45 til 50 milljónir punda eða 6 til 6,5 milljarðar íslenskra króna.

Par með hafa íslensk fyrirtæki innleyst hagnað af erlendum fjárfestingum fyrir hátt í þrjátíu milljarða á undanförmum vikum. Þrjátán milljarða af EasyJet, um tíu af Carnegie og nú rúma sex.

Forsvarsmenn Baugs hvorki neitðu né játtuðu sölu á hlutnum. Baugur á hlut í House of Fraser og þar er talið líklegt að stefnt sé að því að eignast það fyrirtæki að fullu

LÖGREGLUFRÉTT

Á ofsahraða Lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði í fyrirkvæðum á bifhjóli sem mældist á 130 kílómetra hraða á Reykjavíkurveg þar sem hámarkhraði er 50. Ökumaður bifhjólans reyndist ekki vera með réttindi á hjóli en maðurinn var sviptur ökuleyfi sínu á staðnum.

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN
„Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.“
Ólafur F. Magnússon, lækni og borgarfulltrúi

Sérfræðingaskýrsla NATO um hættuna á eldflaugaársum:

Ræða evrópskar eldflaugavarnir

NATO, AP Hermálasérfræðingar Atlantshafsbandalagsins segja hættuna fara vaxandi á því að gerðar verði eldflaugaárásir á bandalagsríki. Þeir hvetja stjórnvöld í aðildarríkjunum til að huga alvarlega að láta þróa varnarkerfi gegn slíkum árásum í Evrópu.

Billingslea marskalkur, varaframkvæmdastjóri NATO og ábyrgur fyrir hergagnamálum, var í forsvari þegar tíu þúsund síðna skýrsla sérfræðinganevndar um hættuna á flugskeyta- og eldflaugaársum á NATO-ríki og hugsanlegar varnir gegn þeirri vaxandi hættu í höfuðstöðvum NATO í Brussel í vikunni.

„Það er vaxandi hættu á árásum með langdrægum sprengiflaugum á NATO-landsvæði, og það er tími til kominn að kanna leiðir til að mæta þeirri ógn,“ sagði Billingslea.



IRÖNSK SPRENGIFLAUG Sérfræðingar NATO segja vaxandi hættu á að evrópsk NATO-ríki verði fyrir eldflaugaárás.

„Eldflaugavarnakerfi fyrir

Evrópu er tæknilega vel framkvæmanlegt,“ sagði hann. „Kostnaðurinn virði að koma slíku kerfi upp er höflegur.“

Gert er ráð fyrir að leiðtogar NATO-ríkjanna ræði málið á fundi í Riga í Lettlandi í nóvember.



# SAFNAÐU GULUM TÖPPUM



...af Coke eða Coke light,  
komdu með þá á næstu Esso, Olís  
eða Shell þjónustustöð og fáðu glaðning.

SAFNAÐU ÞEIM ÖLLUM



ÖKUTÆKIÐ ÞITT Í SUMAR



SPILAÐU MEÐ



Hægt er að innleysa gulu töppuna  
til 1.8.2005 á meðan birgðir endast  
Nánari upplýsingar á [Coke.is](http://Coke.is)



**Coca-Cola**  
Upplifum stemninguna



OFFICIAL PARTNER  
2006 FIFA  
WORLD  
CUP™



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 11.05.2006

KAUP SALA

Table with 2 columns: Currency/Item and Value. Includes items like Bandaríkjadalur, Sterlingspund, Evra, Dönsk króna, Norsk króna, Svænsk króna, Japanskt jen.

Gengisvísitala kr nunnar 123,898

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur staðfesti úrskurð um gæsluvarðhald yfir manni í Kópavogi:

Kveikti í bíl foreldra sinna

DÖMSMÁL Maður sem ítrekað hefur reynt að kveikja í eignum foreldra sinna hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 7. júní.

Málið er þannig vaxið, að Kópavogslögregla var kvædd að heimili fjölskyldu mannsins að morgni 7. maí.

klaði inn í hann. Skýringin sem hann gaf var sú, að hann hefði verið föður sínum reiður fyrir sífellt afskipti af málum sínum.

Áður hafði maðurinn játað að hafa kveikt í blaðabunka í stofu í íbúð foreldra sinna. Verulegt eignatjón varð á íbúðinni, en engin slys á fólk.



ÚRSKURÐUR Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir brennuvargi.

Dómur Hæstarétta:

Féll af stól en fær ekki bætur

DÖMSTÓLAR Hæstiréttur hnekkti í gær dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem dæmt hafði Ólúfjálagið ehf. til að greiða tæpar mill milljónir króna í miskabætur.

Málavextir eru þeir að kona var við vinnu á bensinstöð Ólúfjálagsins við Borgartún. Starfsmenn þar nota tæpaga eins metra háa stóla, sem á er hvíldargrind fyrir fætur.

Övenjuleg sjón í Sví jóð:

Fílar á beit við Stokkhólm

SVIÐIÐJÓÐ AP Ökumenn sem áttu leið um þjóðveginn inn til Stokkhólms undir kvöld á þriðjudag rak í roga-stans þegar þeir sáu fíla standa við veginn og bíta gras í makindum.

Fílarir höfðu sloppið úr flutningabil fjölleikahúss er billinn valt í beygju á veginum, rétt norðan við Stokkhólm.

Andstæðingar fá sitt fram

STÓRIÐJA Andstæðingum virkjana-framkvæmda á Íslandi verður að ósk sinni en Landsvirkjun hefur ákveðið að verða við beiðni þeirra um að þeirra sjónarmið komi fram á hornsteini þeim er reistir verður við aflstöð Kárahnjúkvirkjunar.

Mat Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, mat það svo að þar sem virkjunin væri umdeild meðal þjóðarinnar væri eðlilegt að ólík sjónarmið yrðu varðveitt á fyrrenfundum hornsteini en með því væru náttúruverndarsinnar að viðurkenna að virkjunin væri staðreynd sem ekki er hægt að breyta.

LANDLÆKNIR

HEITUSÓTT Í RÉNUN Einungis þrjú greindust hér á landi með hetusótti í apríl, að því er fram kemur í nýjum Farsóttarfréttum Landlækniseðlissins.

HÆSTIRÉTTUR

ÁFRAM Í EINGARINUM Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um framleggingu varðhaldsvistar yfir einum firmenningsnana sem sata lög-reglurannsókn vegna tilunarinnar til smygls á 25 kílóum af fíkniefni í bensintanki bíls.



FRÁ SVÆÐI HRINGRÁSAR Töluverð umræða hefur skapast að undanförmu um nauðsyn urðunarsvæðis fyrir spilli- og eitrefni, en meira en 100 tonn af PCB-menguðum jarðvegi eru geymd í lokuðu rými á svæði fyrirtækisins Hringrásar.

Efnin líklega urðuð á Suðvesturhorninu

Aðstoðarmaður umhverfisráðherra telur líklegast að urðunarsvæði fyrir spilliefni verði ekki langt frá höfuðborgarsvæðinu. Hægt að nýta starfsemina til uppbyggingar atvinnu á landsbyggðinni, segir Helga Hreinsdóttir.

MENGUN Líklegast er að urðunarsvæði fyrir spilli- og eitrefni verði nokkuð utan höfuðborgarsvæðisins þegar það verður sett upp. Þetta segir Haraldur Johannesen, aðstoðarmaður Sigríðar Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra, en undirbúningsvinna vegna staðarvals fyrir urðunarsvæði stendur yfir og er niðurstöðu að vænta í sumar eða haust.

Sérfræðingar hjá Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun hafa í viðtölum við Fréttablaðið síðustu daga lýst því yfir að nauðsynlegt sé að koma upp urðunarsvæði fyrir spilliefni þar sem þau séu farin að hláðast upp í miklu magni inn á svæðum fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.

Meira en hundræð tonn af PCB-menguðum jarðvegi eru geymd í sekkjum á svæði fyrirtækisins

Hringrásar í Klettagörðum við Sundahöfn. Fyrirtækið getur ekki losað sig við efnin nema með stórfelldum flutningum á urðunarsvæði erlendis.

Helga Hreinsdóttir, hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, hefur víðað þá hugmynd að finna urðuninni stað í landi Steggjastada skammt frá Bakkafirði. „Þar er landsvæði sem ég hef bent á að sé hægt nýta í þessum tilgangi, til atvinnusköpunar. En það þyrfti að skoða þau mál vel áður en ráðist yrði í framkvæmdir. Það er hægt að finna urðunarsvæðinu stað á landsbyggðinni þar sem það gegnir mikilvægu hlutverki, í atvinnulegu tilitti.“

Urðunarsvæðið má ekki vera nálægt vatnsbólum eða byggð. Að sögu Haraldar má telja líklegt að lög verði á það áhersla að svæðið

verði vel útbúið og ekki of langt frá höfuðborgarsvæðinu. „Það tekur töluverðan tíma að vinna að undirbúningi svæðisins en sú vinna gengur vel. Líklegast er að urðunarsvæðið verði ekki of langt frá höfuðborgarsvæðinu þar sem mikill meirihluti efnanna sem þarf að urða kemur þaðan. Of miklir flutningar með efnin geta verið varasamir.“

Helgi Jenson, deildarstjóri framkvæmda- og eftirlitssviðs hjá Umhverfisstofnun, segir nauðsynlegt að vinna að uppbyggingu svæðisins með yfirveguðum hætti. „Það er engin ástæða til þess að hræðast stöðu mála hér á landi. Það þarf að finna urðunarsvæðinu stað þar sem almenn sátt er um að það valdi ekki óþægindum.“

magnush@frettabladi.is

Íslenskt ríkisfang í augnsýn

VEGABRÉF Stjórnvöld hafa ekki boðið Dorrit Moussaieff forsetarfrú íslenskt ríkisfang svo sem unnt er að gera með lögum.



DORRIT MOUSSAIEFF

Ekki hefur hún heldur farið fram á slíka undanþágu. Dorrit og Ólafur Ragnar eiga þriggja ára brúkaupfastmáli 14. maí næstkomandi. „Það er undir hverjum og einum komið að óska eftir íslenskum ríkisborgararétti og við slíkum óskum er þjögðist eins og lög heimila,“ segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

Dorrit var kyrrsett á flugvelli í Ísrael á mánudag þar sem hún framvísaði bresku vegabréfi sínu. Lögregluona krafðist framvisunarar á ísraelsku vegabréfi vegna uppruna hennar. Málið vakti athygli í fjölmiðlum, ekki síst ummæli hennar um að aðgerð lögreglunnar væri ein ástæða þess að mönnum væri illa við Gyöingna.

Réttindalaus á ofsahraða

HRADAKSTUR Lögreglan í Reykjavík veitti bifreið eftirfór sem mælt hafði á 121 kílómetra hraða á Reykjavingsbraut um hálf sex leytið í gærmorgun, þar sem hámarks hraði er 70.

Konan sem ók bifreiðinni hlýddi ekki merkjum lögreglunnar um að stöðva og reyndi að komast undan í iðnaðarhverfi skammt frá Smíðjuvegi í Kópavogi. Eftir skamma stund tókst lögreglu að fá konuna til þess að stöðva bifreiðina.

Konan reyndist ekki hafa réttindi til þess að aka bifreiðinni, sem að auki var á röngum númerum.

Advertisement for HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK featuring the text 'FRAMÚRSKARANDI NÁM Í TÆKNI- OG VERKFRÆÐI' and images of students.

Weather forecast section titled 'VEDURSPÁ' with maps for 'um hádegi' and 'á morgun', and a table of temperatures for various cities like Kaupmannahöfn, Billund, Ósló, Stokkhólmur, Gautaborg, London, Paris, Frankfurt, Friedrichshafen, Berlin, Alicante, Mallorca, Algarve, Kirit, and Las Palmas.





Landslið matreiðslumeistara

## HEILSTEIKT MARINERAD LAMBALÆRI að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 stk. lambalæri  
100 g blandaðir þurrkaðir villisveppir  
1 msk. rósapipar  
1 msk. timjan  
1 msk. fáfnisgras (esdragon)  
1 msk. oregano  
3-4 stk. hvítlauksgeirar  
1 dl ólífuolía og 1 dl portvín

Malið þurrkaða villisveppi í matvinnsluvél þar til þeir eru orðnir að dufti. Setjið villisveppina í skál ásamt rósapipar, timjani, fáfnisgrasi og oregano. Afhýðið hvítlauk og pressað og bætið saman við ásamt portvíni og ólífuolíu. Setjið blönduna og lambalærið í plastpoka. Lokið pokanum og marinerið í ísskáp í um einn sólarhring.

Landsliðið mælir með því að strá salti yfir lærið 10 mín. fyrir steikingu þannig að allir hlutar lærisins fá hóflega áferð af salti. Þannig helst kjötsafinn í kjötinu og matreiðslan verður í hæsta gæðaflokki. Best er að setja læri inn í 180°C heitan ofn í 10-15 mín. og lækka svo hitann niður í 110°C og elda áfram í 60-80 mín. Látið kjötið jafna sig í 10 mín. við stofuhita fyrir skurð.



Ferskar  
kjúklingalundir

**TILBOÐ**  
**1.606** kr/kg  
Merkt verð 2.295,-



Kjöt & fisktorgið

Lambalæri  
úr kjötbörði

**TILBOÐ**  
**1.095** kr/kg  
Verð áður 1.485,-



Með hverri keyptri delí samloku fylgir 0.5 ltr. Coke light með í kaupbæti.



ávöxtur mánaðarins



**TILBOÐ**  
**399** kr/kg  
Verð áður 499,-

**Papaya**ávöxtur mánaðarins  
- frábær í blandarann og ávaxtasalatið



**Nammiland** 50% afsláttur  
- alla laugardaga



**TILBOÐ**  
**149** kr/stk  
Verð áður 215,-

**Tropí** 1 lítra  
- hreinn appelsínusafi

Gildir til 14. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





## KJÖRKASSINN

Hefurðu fylgst með umfjöllun Kastljóss um Baugsmálið?

Já	47%
Nei	53%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Á ríkið að hefja innflutning á byfjum?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Hæstiréttur dæmir 17 ára pilt í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir mannrán:

# Framdi mannrán á skilorði

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur þynnt dóm yfir sautján ára pilti, Axel Karli Ólafssyni, fyrir fíkniefnalagabrot og fyrir að hafa svipt annan pilt frelsi sínu og neytt hann með ofbeldi til að taka út fé. Var pilturinn dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi en Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt hann í tveggja ára fangelsi.

Axel Karl hafði farið í félagi við tvo aðra menn inn á vinnustað sautján ára pilts og þvingað hann með ræsibyssu til að fara með sér út. Pilturinn var settur í farangursrými bifreiðar þar sem voru tveir Dobermann hundar. Beittu mannræningjarnir piltinn ofbeldi

og hótunum, en óku síðan með hann að tilteknum banka þar sem hann var neyddur til að taka út fé af reikningi sínum.

Axel Karl framdi hluta brotanna, sem hann hefur hlotið dóm fyrir, örfáum klukkustundum eftir að honum var birtur skilorðsdómur. Þótti Hæstarétti það bera vott um styrkan og einbeittan brotavilja, sem metið var honum til refsibýgingar. Auk þess þótti háttsemi hans til þess fallin að vekja mikinn ótta hjá piltinum, sem hann svipti frelsi.

Axel Karl hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 3. september á síðasta ári.



ÞINGFESTING Í HÉRAÐSDÓMI Axel Karl mætti ásamt félagasi sínum í Héraðsdóm þegar mannrásmálið var þingfest.

Kjaradeila stuðningsfulltrúa:

## Leggja fram tillögur í dag

**KJARADEILA** Samningaviðræður í kjaradeilu stuðningsfulltrúa og samningamefndar ríkisins hófust á ný í gærmorgun en víðræður slituðu fyrir páska. Nýr fundur hefur verið boðaður í dag og munu nefndarmenn leggja fram útrekninga og tillögur.

„Það fór vel á með okkur og okkur var sagt að það væri meira í spilunum núna en fyrir nokkrum vikum,“ segir Árni Stefán Jónsson, formaður SFR.

Setuverkföll hefur verið boðað hjá stuðningsfulltrúum á þriðjudaginn og telur Árni Stefán að menn freistist til að ná samningum fyrir þann tíma.

- ghs

### BÍLL DAGSINS

## MX678 HONDA CR-V

Nýskr 08.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 46 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð áður: 2.499.000,-  
Tilboð: 2.180.000,-

Ingvar Helgason

NOTADIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

## Samfylkingin | Reykjavík 2006

Eldri borgarar!  
Kaffi í Súlnasal á  
sunnudag kl. 13:30

Stuff ávörp, söngur og skemmtiatriði.  
Frambjóðendur, þingmenn og  
borgarfulltrúar verða á staðnum.

XS - Allir með

## Vinstri-græn í strætó um alla borg!

Í dag verður kosningamiðstöð vinstri-grænna í strætó við Hólagarða í Breiðholti kl. 16:00 - 17:30 og í Mjóddinni kl. 17:30 - 18:00

Allir velkomnir í strætó að kynna sér stefnumálin



VINSTRI-GRÆN  
grænt Framboð



Árni Þór Skjapar, 2. sætið

# -listi með hreinan meirihluta á safirði

Í-listi fengi tæp 57 prósent atkvæða og fimm bæjarfulltrúa samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Sjálfstæðismenn fengu 29,8 prósent atkvæða og þrjú bæjarfulltrúa. Framsóknarflokkur fengi 13,5 prósent atkvæða og einn fulltrúa.

**SKODANAKÖNNUN** Í-listi, sameiginlegt framboð Frjálslynda flokksins, Samfylkingar og vinstri-grænna, myndi fá hreinan meirihluta í bæjarstjórn Ísafjarðar ef boðað yrði til kosninga nú. Þetta er niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Í-listinn hefur nú stuðning 56,5 prósent bæjarbúa og myndi samkvæmt því fá fimm bæjarfulltrúa af níu. Listinn bætir við sig frá því Félagsvísindastofnun gerði skoðanakönnun fyrir NFS og Fréttablaðið í byrjun maí, þegar 52,1 prósent sögðust myndu kjósa Í-listann.

Samkvæmt þessu er núverandi meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á Ísafirði fallinn.

29,8 prósent sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og myndi flokkurinn samkvæmt því fá þrjú bæjarfulltrúa. Í könnun Félagsvísindastofnunar sögðust 31,3 prósent myndu styðja Sjálfstæðisflokkinn og er hann samkvæmt því að tapa fylgi.

Framsóknarflokkurinn er með stuðning 13,5 prósent þeirra sem tóku afstöðu og fengi samkvæmt því einn bæjarfulltrúa kjörinn. Í könnun Félagsvísindastofnunar sögðust 14,0 prósent myndu kjósa þann flokk.

Aðeins fleiri karlar segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða 33,0 prósent á móti 26,3 prósent kvenna. Fylgi hinna flokka tveggja er meira meðal


kvenna en karla. 54,5 prósent karla segjast myndu kjósa Í-listann en 56,5 prósent kvenna. 12,0 prósent karla segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn, en 15,1 prósent kvenna.

Hringt var í 600 íbúa sveitarfélagsins fimmtudaginn 11.maí og skiptust svarendur jafnt milli kynja. 63,2 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.


Jafnframt var spurt hvort Vestfirðir ættu að vera stjóriúluast svæði. Mikill meirihluti svarenda svaraði því játandi, eða 83,8 prósent. 16,2 prósent voru því ósammála. 91,5 prósent svarenda tóku afstöðu til þeirrar spurningar.

svanborg@frettabladid.is

### HVAÐA LISTA MYNDIR ÞÚ KJÓSA EF BOÐAÐ YRÐI TIL SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA NÚ?



### EIGA VESTFIRÐIR AÐ VERA STÓRÍJULAUST SVÆÐI?



Útvarpsstjóri segir hug sinn í blaðaviðtali um brotthvarfið frá 365 miðlum:

## Rangar viðskiptaákvarðanir

**FJÖLMÍÐLAR** Ákvarðanir 365 fjölmiðla um að koma á fót Talstöðinni, Sirkus og NFS voru allar rangar í viðskiptalegu tilliti að mati Páls Magnússonar útvarpsstjóra.

Í nýju tölublaði Mannlífs talar Páll um alltumfaðmandi fjölmiðlafyrirtæki. „Í faglegu tilliti hreinlega bauð mér við þessari hugmynd. Mér þótti þetta ógeðfellt sambland af barnalegum stórveldisdraumum og nánast hálfsovskri hugmyndafræði, í besta falli hallærisleg og gamaldags skandínávisk forræðisbyggja, hugmyndin um að vera öllum allt og enginn þurfi að leita neitt annað.“

Gunnar Smári Egilsson forstjóri Dagsbrúnar, sem á og rekur 365, segir að einfalt sé að líta á árangur. „365 er eina fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi sem sýnt hefur einhvern rekstrarlegan árangur á

### PÁLL MAGNÚSSON ÚTVARPSSTJÓRI

„...hugmyndin um að vera öllum allt og enginn þurfi að leita neitt annað.“



undanförnum árum. Ríkisútvarpið er rekið með tapi og er gjaldþrota. Árvakar á í erfiðleikum og fjölmiðlahlutí Simans er rekin með stórkostlegu tapi. Þetta bendir til þess að stefna 365 sé rétt og menn ættu frekar að hafa áhyggjur af stefnu hinna fjölmiðlafyrirtækjanna.“

Útvarpsstjóri segir í Mannlífsviðtalinu, að valdaþræði innan 365 megi rekja til Jóns Ásgeirs Jóhannssonar, forstjóra Baugs, en segir jafnframt að hann hafi ekki orðið þess var að hann misnoti aðstöðu sína til að hafa áhrif á efnistöð fjölmiðla í sinni eigu.

- jh





# Lífið er Listahátíð

KB banki er bakhjarl Listahátíðar í Reykjavík



**KB BANKI**  
– leggur listinni lið





### VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvers vegna á *Silvía Nótt* á heftu að verða vikudagur Eurovision?
- 2 Hvaða tvö nágrannasveitarfélög Reykjavíkur hafa gert tilkall til Lönguskerja?
- 3 Hvaða lið er Evrópumeistari félagsliða í fótbolta?

SVÖR Á Síðu 54

Mjög mikill verðmunur er á matvöru milli verslana:

## Sláandi munur á vöruverði

**VERÐKÖNNUN** Tæplega 61 prósent verðmunur er á ódýrustu og dýrustu vöruförnum í matvöruverslunum í Reykjavík samkvæmt verðkönnun Alþýðusambands Íslands í tólf matvöruverslunum í maí. Er það sjö prósentum meiri verðmunur en mældist í seinustu verðkönnun sem var gerð í janúar.

Vörufarfarar samanstendur af 22 almennum neysluvörum til heimilisins og reyndist hún ódýrust í Bónus sem var með lægsta verðið í 21 vöruflokk. Dýrust var karfan í Ellefu-ellefu sem var með hæsta verðið í 18 vöruflokkum.

Henný Hinz, verkefnisstjóri hagdeildar ASÍ, segir sláandi mun



INNAKAUP ÓDÝRUST VAR KARFAN Í BÓNUS.

á verði milli verslana. Bornar séu saman nákvæmlega sömu vörur og í ellefu vörutegundum reyndist verðmunur meiri en 100 prósent. Hún tekur þó fram að munur sé á verslanategundum og minni verðmunur sé til dæmis á milli lágvöruverslana. Í könnunum ASÍ er ádeins

### VERÐKÖNNUN ASÍ - TAFLA

Máí 2006	Ódýrasta karfan - Bónus	3.926
	Dýrasta karfan - Ellefu-ellefu	6.304
Janúar 2006	Ódýrasta karfan - Bónus	3.286
	Dýrasta karfan - Tíu-ellefu	5.071

um beinan verðsamanburð að ræða en ekki lagt mat á gæði eða þjónustu söluáðila.

Verð á ódýrustu körfunni hefur hækkað um rúmlega 19 prósent frá janúarkönnuninni og dýrasta karfan hefur hækkað um rúmlega 24 prósent.

## Englendingur á Svalbarða: Gerir tilkall til smáeyjar

**SVALBARÐI** Alex Hartley, breskur listamaður heldur því fram að hann hafi uppgötvað nýja eyju í Svalbarða-eyjaklasanum og gerir tilkall til þess að eiga hana. Hann hefur nefnt hölmann Nýmörk, að því er greint er frá á vef Aftenposten.

Hölmenn er meðal mýmargra skerja og smáeyja sem komið hafa undan Norðurlandshafssnum sem hefur hóp að verulega á þessum slóðum á síðustu árum. „Nýmörk“ er á stærð við fótboltaföll og er við austurtrönd Svalbarða, þar sem heitir Land Ólafs V. Harley tjáði norska ríkissjónvarpinu að hann vildi stofna sitt eigið örríki á eyrni „sinni“, helst lýðveldi.

## Létt spjall á laugardegi



**B-listinn** í Reykjavík býður þér í létt spjall alla laugardegi frá kl. 10.00-12.00 fram að kosningum á kosningaskrifstofunni Suðurlandsbraut 24. Líttu við og hittu frambjóðendur.

Sérstakur gestur á morgun er Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra.

Allir velkomnir



Kosningaskrifstofa B-listans í Reykjavík  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík  
Sími: 599 3900 • Netfang: reykjavik@xb.is

www.xbreykjavik.is

exbé



**MED TVÍBURADÆTRUNUM** „Í búðum verða fatlaðir svo ánægðir þegar þeir sjá vörur sem þeir hafa verið að pakka í Örva. Ef það verður röskun á högum þeirra þá líður þeim illa,“ segir Vilhjálmur Bjarnason dósent. Frá vinstri: Auður María Aðalsteinsdóttir og Vilhjálmur með tvíburadætrum sínum, Huldu Guðnýju og Kristínu Mörtnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mega ekki við verkfalli

Boðað setuverkfall mun raska ró fatlaðra og hafa slæm áhrif á líf margra þeirra. Vilhjálmur Bjarnason, foreldri fatlaðra tvíbura, segir að fatlaðir séu háðir því að líf þeirra raskist ekki á neinn hátt.

**FATLAÐIR** Boðað setuverkfall mun hafa veruleg áhrif á fatlaða. Tæplega fjórtíu fatlaðir eru hjá starfsþjálfunarstaðnum Örva í Kópavogi. Þeir verða líklega að vera heima ef boðað setuverkfall félagsliða, stuðningsfulltrúa og annarra starfsmanna á starfsþjálfunarstaðnum skellur á um miðjan maí, að minnsta kosti þeir sem þurfa aðstoð til að komast á staðinn því að sú þjónusta mun ekki standa þeim til boða. Setuverkfallið mun því raska ró þeirra verulega.

Vilhjálmur Bjarnason dósent á 24 ára tvíburadætur, Huldu Guðnýju og Kristínu Mörtnu, í starfsþjálfun hjá Örva. Honum list ekkert á blikuna og bendir á að starfið sé fötluðum mikilvæga og merkilegra en flestum öðrum. Það sé þeim „sjálfsvirðingin sjálf“ að geta unnið.

„Í búðum verða fatlaðir svo ánægðir þegar þeir sjá vörur sem þeir hafa verið að pakka í Örva. Ef það verður röskun á högum þeirra þá líður þeim illa. Flestir fatlaðir eru svo háðir því að líf þeirra raskist ekki á neinn hátt, það haldi sömu reglu og áður, mæti í vinnu og fái þá aðstoð sem þeir þurfa. Fatlaðir skilja ekki verkfall eða stettarbaráttu en þeir eru óskaplega samviskusamir í vinnu, svíkjast ekki

um og stökkva ekki út í reyk og pásu.“

Kristjana Jónsdóttir er verkstjóri í Örva. Kristjana sér um að velja fólk í störf og halda 17-18 starfsmönnum að vinnu í 10-15 mismunandi störfum á tveimur vöktum, fyrir og eftir hádegi á hverjum degi. Í Örva eru framleiddar ýmsar plastvörur og vörum pakkað. Kristjana fær 127 þúsund krónur á mánuði fyrir fullt starf og ekkert álag. Vilhjálmur segir vel skiljanlegt að starfsmenn í umönnunarstörfum segi hingað og ekki lengra.

„Kjör þeirra eru „skitleg“. Þetta fólk hefur ábyrgilega dregist aftur úr fólk í sambærilegum störfum,“ segir hann.

Ástandið á samþýlum, hæfingarstöðvum, heimilum og starfsþjálfunarstöðum fyrir fatlaða hefur verið slæmt lengi. „Setuverkfallsástand hefur verið nánast viðvarandi í lífi þessa fólks vegna manneklu og vegna þess að nýliðar fara viðstöðulaust inn og strax út aftur vegna lágra launa. Blessað fólkíð okkar býr og lifir við setuverkfallsástand og hefur gert lengi en það er fyrst nú sem það kemur fram í þjóðfélagsmæðunni,“ segir Kristjana.

ghs@frettabladid.is



## Nýtt Dethleffs hjólhýsi með 100.000 kr. afmælisgjöf til þín

Í 75 ár hefur Dethleffs verið í fararbroddi í gerð framúrskarandi hjólhýsa og nú á afmælisárinu eru það viðskiptavinir sem fá afmælisgjöfina: 100.000 kr. inneign í nýju fortjaldi frá Isabella sem fylgir hverju nýju Dethleffs hjólhýsi.



Umboðsmaður á Akureyri: Bilasalinn.is // Hjalteyrargötu 2



**GÍSLI JÓNSSON**

Kletthálsi 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is



## TÍMI TIL AÐ LEGGJA FJÖGURRA AKREINA SUNDABRAUT Í EINUM ÁFANGA - ALLA LEIÐ UPP Á KJALARNES

Skipulagsstefna Sjálfstæðisflokksins og önnur stefnumál á betriborg.is



SJÁLFASTÆÐISFLOKKURINN


# ANNAR Í SPRENGIDEGI DEBENHAMS

OPIÐ Í DAG FÖSTUDAG KL. 11-19

# 25%

NÝTT  
KORTA-  
TÍMABIL

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
FATNAÐI OG HEIMILISVÖRUM  
15% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM



DEBENHAMS  
SMÁRALIND



olis FÆRIR ÞÉR HM2006 Á SÝN



**PermaSteel gasgrill**  
+ 3 mánaða áskrift að SÝN  
**79.900,-**

**13.317,-**  
Lettgraðgur í 6 mánuði

## HM-GRILLTILBOÐ

Við færum þér grillið samsett heim og losum þig við gamla grillið. Líttgræiðsur Visa og Euro í 2 til 6 mánuði.

### Char-Broil Seguia gasgrill

+ kassi af Carlsberg léttlíti  
+ kippa af 2 lítra Coke + kassi af Prins Polo

**27.900,-**  
Verð áður 34.900,-



**4.650,-**  
Lettgraðgur í 6 mánuði

### Char-Broil CB gasgrill

+ kassi af Carlsberg léttlíti

**12.900,-**  
Verð áður 16.900,-



**2.150,-**  
Lettgraðgur í 6 mánuði

HM-tilboðið gildir til 9. júní eða á meðan birgðir endast. Heimsending gildir fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Akureyri.

Við höldum með þér!



Framboðslistar í Vesturbyggð:

## Forsetinn farinn

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR** Guðmundur Sævar Guðjónsson, forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar, er ekki á framboðslista D-lista sjálfstæðismanna og óháðra fyrir þessar kosningar.

Í hans stað er kominn Jón B. G. Jónsson yfirlæknir. Að sögn Guðmundar Guðlaugssonar bæjarstjóra var Guðmundi Sævari boðið að vera forseti fyrstu tvö árin ef listinn næði meirihluta en hann þáði ekki það boð.

Eftir að þetta varð ljóst var tilkynnt að Úlfar B. Thoroddsen myndi leija lista S-lista Samstöðu þó svo að hann væri flokksbundinn í Sjálfstæðisflokknum en Úlfar er svili Guðmundar Sævars.



**GUÐMUNDUR SÆVAR GUÐJÓNSSON** Forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar á ekki sæti á framboðslista D-listans fyrir þessar kosningar. Eftir að það varð ljóst gekk svili hans til liðs við S-listamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðmundur Guðlaugsson, sem var ráðinn bæjarstjóri eftir síðustu kosningar, skipar fjórða sæti D-listans.

- jse



**NICOLAS SARKOZY** Innanríkisráðherra Frakklands segir ófrágingarherferð á hendur sér til þess ætlaða að hann hætti við forsetaframboð á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hrítir í stoðum frönsku stjórnarinnar:

## Hneykslið teygir anga sína víða

**FRANKLAND, AP** Pólitíska hneykslið, sem varð til þess að Jacques Chirac forseti taldi sig í vikunni þurfa að lýsa yfir fullu trausti sínu til forsætisráðherrans Dominique de Villepin, teygir anga sína víða um franska stjórnkerfið.

Málið snýst um það að grunur hefur leikið á því að Dominique de Villepin forsætisráðherra hafi í janúar árið 2004 látið njósna um Sarkozy innanríkisráðherra, hugsanlega í þeim tilgangi að grafa upp einhver óhrein leyndarmál sem gætu spilt fyrir framboðsáhuga innanríkisráðherrans.

Villepin harðneitar þessum ásökunum, en orðrómurinn hefur engu að síður orðið til þess að grafa undan Villepin og nú er nánast ekkert orðið úr áformum hans um að bjóða sig sjálfur fram til forsetaembættisins.

Nógu slæmt var ástandið fyrir hjá Villepin eftir að hann varð að láta undan kröfum stúdenta og verkalyðshreyfingarinnar um að hætta við breytingar á vinnulöggjöfinni í vetur, þótt þessar ásakningar hefðu ekki bæst við.

Villepin hefur hins vegar skýrt frá því að hann hafi beðið Philippe Rondot, reyndar yfirmann úr leyniþjónustunni, um að kanna hvað hæft væri í ásökunum um spillingu í tengslum við sölu á frönskum herskipum til Taivans árið 1991.

Árið 2004 fékk dómari, sem einnig var að rannsaka þennan sama viðskiptasamning, sendan lista með nöfnum á fólki, sem sagt var hafa gagnast á þessum viðskiptum. Meðal þeirra sem þó voru nefndir er Sarkozy, en dómari komst á endanum að þeirri niðurstöðu að listinn væri falsaður.

Sarkozy telur hins vegar ein-sýnt að þessi listi hafi verið sendur dómaramanum til þess að eyðileggja mannorð sitt. Nú stendur yfir ákóf leit að þeim sem sendi nafnalistann. Í franska grintímaritinu Le Canard Enchaîné er því haldið fram að hinn seki sé Jean-Louis Gergorin, aðstoðarfrankvæmdastjóri EADS, sem framleiðir og selur bæði flugvélar, vopn og búnað til geimferða. Gergorin neitar sök, en lét engu að síður af störfum hjá EADS nú í vikunni.

- gb



## B.S.C. Í HJÚKRUNARFRÆÐI OG IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐI

www.unak/heilbrigdisdeild



Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri býður upp á nám til B.Sc. gráðu í hjúkrunarfræði og iðjubjálfunarfræði.



**Umsóknarfrestur er til 5. júní.**  
Umsóknareyðubúlið, námskrá og kynningarefni eru aðgengileg á [www.unak.is](http://www.unak.is).

**Hjúkrunarfræði:** Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Klínískt nám hefst strax á fyrsta ári, fer fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

**Iðjubjálfunarfræði:** Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í iðjubjálfunarfræði. Markmið námsins er að búa nemendur undir fjölbreytt störf sem iðjubjálfar í heilbrigðis- og félagsþjónustu, skólakerfinu og á almennum markaði. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Vettvangsnám er 25 vikur.

### Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi – góð tengsl milli nemenda og kennara
- Verkefnavinna – bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni
- Frábær aðstaða – nýlegt húsnæði fyrir verklega kennslu

„Á háskólasvæðinu á Sólborg er sérstök álma fyrir verklegt nám í heilbrigðisvísindum. Húsnæðið er ríkulega búið tækjum sem notuð eru við kennslu og er aðstaða fyrir nemendur eins og hún gerist best.“



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

**LAGERSALA**

**50%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLU!**



**OPIÐ 11-19  
FELLSMÚLA 28  
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)**

Hringdu eða komdu, pantaðu og sæktu eða borðaðu á staðnum

**Wilson's  
PIZZA**



**Kannski bestu pizzur í heimi**

# Afmælis tilboð

16" m/2 áleggstegundum, ostabrauðstöngum,  
stór Doritos og 2 lítrar af Pepsi

Aðeins kr.



# 1490

Gildir alla helgina



Gnoðarvogi 44  
S. 581 15 15



NISSAN X-TRAIL



# BORGÆÐU MINNA FYRIR MEIRI LÚXUS!



**Tilboð**  
**200.000 kr. aukapakki!**

Frábært verð og ríkulegur staðalbúnaður!

Rafstýrt leðursæti, 17" álfelgur, 4x4, litað gler, 6 diskja geislasplari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfarstýring í stýri, sölluga.

Nissan X-Trail Elegance **3.490.000 kr.**

Öllum Nissan X-Trail sem keyptir eru fylgir auka dekkjaumgangur, dráttarbeisli og bensinkort frá EGO með 50.000 kr. inneign!



**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opil: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



## – allt til framkvæmda

Kraftur, gæði og öryggi

þegar fjárfesta á í tækjum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim allhliða fagþjónustu.

MEST býður upp á Metabo rafmagnsverkfæri fyrir fagaðila og framkvæmdafólk. Hafðu samband við söluáráðgjafa okkar fáðu nánnari upplýsingar í síma 4 400 400.



– allt til bygginga

## Frá Kaliforníu til New þork: 4800 km heilsu-bótarganga

**BANDARÍKIN AP** Steve Vaught, fer-tugur Bandaríkjamadur, lauk á þriðjudag 4.800 kílómetra göngu þvert yfir Bandaríkin, frá San Diego á Kyrrahafsströnd Kaliforníu til New York.

Gönguna hóf hann 10. apríl í fyrra og sagði Vaught ástæðuna fyrir þessum óvenju langa göngutúr vera óánægju með eigin líkama og líðan en hann hafði lengi verið þunglyndur, eða allt frá því hann lenti í því að aka yfir tvær manneskjur fyrir 15 árum.


Vaught var 186 kíló í byrjun ferðarinnar - og varð því þekktur í fjölmiðlum vestra sem „Fat



TAKMARKINU NÁÐ Steve Vaught á loka-áfangi göngu sinnar á þriðjudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

man walking“ - en léttist um ein 45 kíló á leiðinni og hefur aldrei líðið betur að eigin sögn. - aa



# Flytja vegna tónlistarhúss

Aðstöðuleysi hrjáir siglingaklúbba á höfuðborgarsvæðinu. Stöðugt þrengir að siglingamönnum en bryggjuhverfin hafa ekki virkað sem skyldi.

**HAFNARADSTADA** Aðstöðuleysi hrjáir siglingaklúbba á höfuðborgarsvæðinu og er ekki fyrirsjáanlegt að úr rætist á næstu árum þar sem stöðugt þrengir að siglingamönnum vegna byggingaframkvæmda. Þrátt fyrir þetta fækkar atvinnuskipum og skemmtibátum fjólgar hlutfallslega að sama skapi.

„Skipulagsmálin eru alls staðar í upplausn og framtíðarsýnin hjá bæjarfélögunum ekki skýr,“ segir Hjörtur Grétarsson, formaður Kjöl-bátasambands Íslands. „Það selst mikið af skemmtibátum í öllum stærðarflokkum en eftirsýrninni eftir bryggjuhlássi og félagsaðstöðu er ekki svarað.“ Siglingamenn ræddu aðstöðuleysið á fundi með stjórnmalamönnum nýlega. Þar komu fram gróðarlegar áhyggjur af því að bygging Ráðstefnu- og tónlistarhússins við Reykjavíkurhöfn muni þrengja verulega að siglingamönnum en félagsaðstaða Brokeyjar verður rífin á næstunni.

„Í Reykjavíkurhöfn verður erfitt að vera næstu þrjú árin. Framkvæmdir verða miklar með tilheyrandi skít og drullu og erfitt að komast að bryggjunum. Menn eru mjög uggandi um sína aðstöðu þar. Eftannars staðar væri laust bryggjuhlássi þá myndu margir hugsa sér til hreyfings,“ segir Hjörtur. „Svo er Snarfarasvæðið í Elliðaovogi í upp-námi út af Sundabraut og við vitum ekki hvernig það endar.“

Bryggjuhverfin hafa ekki virkað sem skyldi því oftast hefur gleymst að hafa samráð við félag sem gæti sinnt starfseminni. Grunnt er við



ÞRENGT AÐ SIGLINGAMÖNNUM Hjörtur Grétarsson, formaður Kjöl-bátasambands Íslands, segir að framkvæmdir þrengi að siglingamönnum á mestöllu höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bryggjuhverfið í Reykjavík og vandamál fyrir skútur að komast að. Í Hafnarfirði er skipulagsferli í gangi sem þrengir hugsanlega að siglingamönnum. Í Garðabæ er nýtt bryggjuhverfi að rísa og bundnar vonir við að það dafni ef siglingaklúbburinn í bænum verður endur-reistur. Aðstaða fyrir unglingsstarfsemi í Nauthólsvíker í upp-námi út af Ylströndinni. Þar hafa framkvæmdir ekki átt sér stað.

Mestar vonir eru í dag bundnar við þróunina í Kópavogi en þar hefur bærin gert samkomulag við siglingafélagið Ými um starfsemi í bryggjuhverfinu. Á Seltjarnarnesi verður hönnunarsamkeppni um þróun á hafnar-svæðinu í haust og á Alftanesi gætu verið ákjósanlegir möguleikar fyrir kjölbáta en ekkert fyrirhugað enn sem komið er.

ghs@frettabladid.is



Önnur afstaða Hæstaréttar:

## Forsjárdómi snúid við

**DÓMSMÁL** Unglingspiltur sem neit- aði að snúa til baka til föður síns í Svíþjóð eftir heimsókn til móður sinnar hér á landi má vera hér áfram og þarf ekki að snúa aftur eins og fyrr dómur Héraðsdóms Reykjaness kvað á um.

Þetta er niðurstaða Hæstaréttar Íslands sem sneri við fyrri dómi þar sem enginn vafi væri á að dag- leg líðan þiltsins miðað við frásagnir hans væri betri hjá móður hans en föður úti í Svíþjóð. Hafði héraðs- dómur mælt svo um að föðurnum væri heimilt að fá þiltnin tekinn úr umráðum móður sinnar enda ætti hann óskoraðan rétt á því en því var Hæstiréttur ekki sammála. - a e

Umsóknir um uppbyggingu miðbæjar Akureyrar streyma inn:

## Fjárfestar heillast mest af sjávarsíki

**SKIPULAG** Sex af ellefu fjárfestum og verktökum sem sóttu um að koma að uppbyggingu miðbæjar- ins á Akureyri vildu byggja á sama skipulagsreit sunnan fyrir- hugaðs sjávarsíkis, Glerárgötu- reit syðri. Þrír aðilar sendu inn umsókn um fleiri en einn skipu- lagsreit en enginn sóttist eftir einum fimm reita sem í boði voru, Torfunefsreit syðri.

Valnefnd á vegum Akureyrar- bæjar hefur lagt til að Eykt, Smáragarði og Þyrpingu verði gefinn kostur á að skila inn nán- ari útfærslu á hugmyndum sínum um uppbyggingu á Glerárgötu- reit syðri. Fasteignafélagið Hlið,



ffa  
FASTEIGNAFÉLAG  
AUSTURLANDS

Björn sími: 896-8934  
Ágúst sími: 894-7230  
Harry sími: 896 6900

Fasteignafélag Austurlands ehf · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

### SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggja tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bönusum. Vinsulími frá kl. 9-17 alla virka daga.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 513 6179 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskvæði á netfangið: [slafia.b.rafnadottir@365.is](mailto:slafia.b.rafnadottir@365.is)

## Glæst framtíð

Við leitum að góðum sölumönnum sem búa yfir áráðni, metnaði og frumkvæði í eina öflugustu söludeild landsins.

365

Umsækjendur þurfa helst að hafa eigin bíl til umráða og er áhugi og gæða þekking á lækningum ífræðingur kostur. Bæði er í boði aðstæður og aukavinnu sem hentar vel t.d. með námi.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 4158 frá klukkan 09-17 á virkum dögum. Umsóknir skulu sendar á netfangið: [lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is](mailto:lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is)

## Við þurfum her!

Okkur vantar þjónustulípra, samvirkusama, harðduglega og metnaðargjarna einstaklinga í vaxandi „þjónustuhættu“ Digital Íslands.

365

## Vantar þig aukapeninga?

Brátt mun Fréttablaðið hefja mikla sókn í gerð skoðanakannana vegna komandi sveitarstjórnarkosninga 27. maí og því vantar okkur hóp málglæðra einstaklinga í úthringingar. Góð leið til að afla sér aukatekna fyrir sumarfríð. Bónusar verða greiddir fyrir framúrskarandi störf.

Áhugasamir um frekari upplýsingar sendi tölvupóst á [kannanir@frettabladid.is](mailto:kannanir@frettabladid.is).

365

# allt tilboð

Alla föstudaga



**JEAN-CLAUDE TRICHET** Bankastjóri Evrópska seðlabankans byst við að verðbólga muni aukast á evrusvæðinu á næsta ári.

## Fylgist grannt með verðþróun

Jean-Claude Trichet, bankastjóri Evrópska seðlabankans, sagði í mánaðarlegu fréttabréfi bankans í gær að fylgst yrði grannt með verðþróun á evrusvæðinu til að halda verðbólgu í skefjum. Óstöðugleiki í olíuverði og óbeinir skattar hafi áhrif á aðra liði til hækkunar og séu líkur á að verðbólga á evrusvæðinu verði yfir tveimur prósentum til skamms tíma. Búist er við að verðbólgan muni aukast á næsta ári.

Fjármálasérfræðingar búast við að seðlabankinn muni hækka stýrivexti á evrusvæðinu um 25 punkta á fundi sínum 8. júní næstkomandi.

- jab



**TVEIR SEÐLABANKASTJÓRAR** Ben Bernanke greindi frá hækkingu stýrivaxta í Bandaríkjunum í gær.

## Hærrir vextir vestra

Bandaríski seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 25 punkta í gær. Þetta er í sextánda skipti í röð sem bankinn hækkar vextina, sem standa í fimm prósentum og hafa ekki verið hærrir síðan árið 2001.

Þetta er sömuleiðis önnur stýrivaxtahækking bankans undir stjórn Bens Bernanke, sem tók sæti bankastjóra seðlabankans af Alan Greenspan. Flestir fjármálasérfræðingar bjuggust við þessari hækkingu og telja að seðlabankinn muni gera hlé á frekari hækkingum í bili. Aðrir telja hins vegar að von sé á frekari hækkingum á næstunni til að halda verðbólgunni niðri.

- jab

AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

vinbud.is

# Breyttir tímar á laugardögum



Nú eru allar vinnubúðir á höfuðborgarsvæðinu opnar frá kl. 11 til kl. 18 á laugardögum.

**VÍNBÚÐ**  
lífur, lærun & njótun

## Komdu mömmu á óvart með dekurgjöf á mæðradaginn

Mæðradagsgjöfin er fánleg í verslunum Bláa Lónsins í heilsulind og að Aðalstræti 2 í Reykjavík, í versluninni Lyf & heilsa í Kringlunni, versluninni Lyfja í Smáralind og í netverslun á [www.bluelagoon.is](http://www.bluelagoon.is)



Mineral balance bað- og húðolia 200ml.

Kísilmaski 30ml fylgir frítt með.

2.490,-



Algae & mineral líkamsskrúbb 200ml og nuddhanski.

Húðmjólk 30ml fylgir frítt með.

2.490,-

**BLUE LAGOON**  
ICELAND

[www.bluelagoon.com](http://www.bluelagoon.com)



# skoðun

**SJÓNARMÍÐ  
ÞORSTEINN PÁLSSON**

Af dýralæknum og lögreglumönnum:

## Gráglettni örlaganna

Sú var tíð að helst var aldrei minnst á Ísland í dönskum blöðum, hvað þá öðrum fjölmiðlum. Almennir í Danmörku vissi lítið sem ekkert um þessa gömlu hjálendu norður í Atlantshafinu. Fæst ungt fólk í Danmörku þekkir aukheldur til gamalla stjórnskipulegra tengsla við Ísland.

Allt hefur þetta breyst á örskömmum tíma. Danskir fjölmiðlar eru fleyttullir af efni um Ísland. Fullyrða má að þar í landi sé ekki skrifað jafn mikið um nokkurt annað land að jöfnum fólksfjölda; og vera má að fullyrðingin standi þó að fólksfjöldasamburði sé sleppt.

Hvað hefur valdið þessum skyndilega áhuga danskra fjölmiðla á Íslandi? Ekki er það enduruppvakning áhugi á norrænum menningararfi. Sú hugsjón er löngu sofnuð svefninum langa í dönskum fjölmiðlum. Áhuginn vaknaði hins vegar þegar íslenskir fjárfestar fóru að kaupa fyrirtæki og fasteignir í hjarta Kaupmannahafnar.

Dagblaðið Berlingske Tidende hefur lengi verið flaggskip danskra fjölmiðlunar, þó að það hafi um tíð verið í norskrri eigu og strítt við bágan fjárhag. En Svíar framleidda nýrrið Gammel Dansk; svo eignarhaldið er ekkert til að hafa minnimáttarkennnd yfir. Sennilega nýtur ekkert dagblað á Norðurlöndum slíkar virðingar sem Berlingske Tidende. Skrifum þess hefur til að mynda aldrei verið líkt við svokallaða gula pressu.

Í gær birtist heilsduggrein á baksíðu viðskiptablaðs Berlingske Tidende sem hófst á þessum orðum: „Það er gráglettni örlaganna að sagnaeyjan Ísland – á sama tíma og frumkvóðlar landsins ryksjúga upp öll fyrirtæki í Norður-Evrópu sem þeir geta keypt meðan íslenska krónan fellur – skuli eiga fjármálaráðherra sem er dýralæknir og sérfræðingur í fisksjúkdómum.“

Þarna er vel að orði komist og í engu hallað réttu máli. Þessi staðreynd um menntun fjármálaráðherra Íslands er þó sennilega því aðeins sett fram með svo afgerandi hætti að í þessu efni standa Danir að sjálfsgöðu feti framar en gamla hjálendan.

Þjóðarbúskapur Dana hefur ekki í annan tíma staðið í meiri blóma en á valdaferli núverandi efnahags- og atvinnuáráðherra. Hann var lögregluþjónn áður en hann fór í stjórnmal og hóf nám við danska lögregluskólann 1975. Af opinberum gögnum verður hins vegar ekki ráðið hvort því námi er lokið.

Það er haft til marks um sterkan þjóðarbúskap Danmerkur og þann gríðarlega árangur sem Danir hafa náð á því sviði undir forystu lögregluþjónnans frá Fjóni að jafnvel íslenskir fjárfestar – sem bara eiga dýralækni fyrir fjármálaráðherra – sáu á dögnum gróðavonin í því að kaupa húsnaði danska efnahags- og atvinnuáráðuneytisins að Slotsholmsgade 10 til 12 í Kaupmannahöfn og hafa nú af því góðar leigutekjur.

En gráglettni örlaganna ríður sjáldnast við einteyming. Daginn áður en Berlingske Tidende skrifaði af vinarþeli og hjarta-gæsku um íslenska dýralækinn úr Hafnarfirði var kynnt á fundi í Börsen, gegnt efnahags- og atvinnuáráðuneytinu á Hallarhólmanum í Kaupmannahöfn, harðasta gagnrýni í aldarfjórðung frá OECD um ofhitnun í dönskum þjóðarbúskap.

Hitt er ekki síður gráglettni örlaganna að sama dag og Berlingske Tidende birti grein sína um fjármálaráðherra gömlu hjálendunnar héldu þeir til sameiginlegs fundar í Vilnfus í Lithéan dýralækinn úr Hafnarfirði og lögregluþjónninn frá Fjóni til skrafs og ráðagerða við aðra norræna efnahags- og fjármálaráðherra. Berlingske Tidende ætti alltént ekki að þrjúta erindið vegna efnisskorts.

<p><b>Víðey og Árbær</b> Allt í einu er Árbæjarsafn orðið mál málananna í þjóðmálumæðunni í Reykjavík. Eins og við var að búast hefur hugmynd um flutning þess út í Víðey hlotið misjafnar undirtektir – sumum finnst hún stórkostleg en öðrum vonlaus. Í kjölfarið hafa fleiri hugmyndir fylgt. Hans Kristján Árnason í Þjóðarhreyfingunni stungur upp á að safnið verði flutt í Vatnsmyrina en áður hafði Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður lagt til að það færi í Hljómskálagarðinn. Í kerskni hafa einhverjir nefnt að í stað þess að flytja safnið út í Víðey ætti að flytja Víðey í safnið. Kristján Frimann Kristjánsson kennari hefur útfært þá hugmynd og stungur upp á að Víðeyjarstofa verði flutt í Árbæjarsafn og eyjan lögð undir flugvöll. Telur hann að slíkur flugvöllur gæti orðið sá flottasti í heimi.</p>	<p><b>FRÁ DEGI TIL DAGS</b></p> <p><b>Klippt og límt á Mogganum</b> Bláðamenn Morgunblaðsins eru yfirleitt ekki í vandræðum með að skrifa eigin fréttir í blaðið. Á því hafa þó verið undantekningar síðustu daga þegar blaðið hefur birt endursagnir úr umfjöllun Kastljóssins um Baugsmaðil. Að sama skapi virðist höfundur Staksteina aldrei í vandræðum með að víðra skoðanir sínar á mönnum og málefnum en aldrei þessu vant fengu lesendur ekki að bergia af viskubrunni hans í gær. Í staðinn var þar að finna leiðara Blaðsins frá deginum áður. Og um hvað fjallaði hann? Jú, umfjöllun Kastljóss um Baugsmaðil og viðbrögð Baugsmana við henni.</p> <p><b>Bláðið hið yfir kallinu</b> Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kallaði eftir umfjöllun fjölmiðla um nýlega</p>
--	--



Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kallaði eftir umfjöllun fjölmiðla um nýlega



bjorn@frettabladid.is

## Galbraith I tinn

Hagfræðingurinn heimskunni John Kenneth Galbraith lést á dögnum, 97 ára að aldri. Snemma á áttunda áratug var ég eitt sinn í hópi nokkurra námsmanna í Oxford, sem snæddu kvöldverð með Galbraith í matstofu málfundafélags háskólans, áður en hann flutti þar ræðu. Hann var mjög hár og afar grannur, með arnarnef, heldur þurr á manninn. Ég sagði honum, að ég ynni að doktorsritgerð um kenningar Fríðriks von Hayeks. Hann kvaðst þá hafa sótt málstofu hjá Hayek í Hagfræðiskólanum í Lundúnum (L. S. E.) á fjórða áratug, og hefði Hayek verið einhver leiðniðgættur maður, sem hann hefði kynnst. Þér fannst heldur lítið gert úr þessu átrúnaðargömi mínu, svo að ég sagði, að margir væru nú að taka upp hugmyndir Hayeks, til dæmis þau Thatcher í Bretlandi og Reagan í Bandaríkjunum. Það stóð ekki á svarinu: „Það sýnir bara, hvað hægrir menn eru hugmyndasauóir.“



**Í DAG**  
JOHN KENNETH GALBRAITH

**HANNES HÖLMSTEIN GISSURARSON**

*b kum sínum hafði Galbraith gaman af því að afhjúpa kapitalista og þá, sem hann taldi launaða talsmenn þeirra. En í raun afhjúpaði hann þar sjálfan sig.*

gagnrýni. Galbraith kærði sig sennilega ekki heldur um, að ýmsir spádómar hans væru rifjaddir upp, til dæmis um það skömmu eftir stríð, að Austur-Þýskalandi myndi vegna miklu betur með áætlanarbúskap en Vestur-Þýskalandi við skipulag frjálsra viðskipta.

Ein kenning Galbraiths var svonefnd samrunakenning: Kapitalismi væri smám saman að líkast sósíalisma vegna aukinna ríkisafskipta á Vesturlöndum, um leið og sósíalismi tæki á sig svip kapitalisma vegna greiðari markaðsviðskipta í kommúnistaríkjum. Þessi kenning hrundi um leið og Berlínarmúrinn. Kapitalisminn sigraði, sósíalisminn tapaði. Blair er pólitískur stjúpsonur Thatchers. Jafnvel Kínverjar viðurkenna kosti einkaeignarréttar og frjálsra viðskipta.

Önnur kenning Galbraiths var um ofurvald stórfyrirtækjanna. Hann hélt því fram, að frjáls samkeppni væri lítið annað en fagur-

gali hagfræðinga eins og Hayeks og Friedmans. Í raun og veru réðu stórfyrirtæki yfir einstökum mörkuðum, stjórnuðu þörfum neytenda með auglýsingabrellum og settu verð eins og þeim sýndist. Stjórnendur þessara fyrirtækja hefðu öll völd, en eigendurnir skiptu engu máli. Þessi kenning er líka röng. Í fyrsta lagi geta stórfyrirtækin ekki stjórnað þörfum neytenda. Auglýsingar koma úr öllum áttum. Menn þurfa að velja um það, á hvaða auglýsingum þeir taka þátt. Ef þeir vilja ekki vöruna, þá selst hún ekki, eins og hefur margt sýnt sig.

Stórfyrirtækin setja sjáldnast heldur verð á einstökum mörkuðum, nema þau njóti sérstakrar verndar ríkisins. Hvers vegna hafa til dæmis mörg alþjóðleg flugfélög ríðað til falls hin síðari ár? Á sumum mörkuðum eru ekki heldur nein stórfyrirtæki, heldur aragrú lítila fyrirtækja, þar sem einstaklingar selja aðallega þekkingu sína. Í fjórða lagi eru stjórnendur stórfyrirtækja síður en svo aldráfi um þau. Eigendur hlutabréfa eiga ætíð þann kost, ef þeir eru óánægðir, að selja þá hlutabréf sín og kaupa í öðrum fyrirtækjum. Þar sem fjármagnsmarkaður er virkur, búa stjórnendur stórfyrirtækja við aga, sem knýr þá til að þjóna öðrum dyggilega.

Í bókum sínum hafði Galbraith gaman af því að afhjúpa kapitalista og þá, sem hann taldi launaða talsmenn þeirra. En í raun afhjúpaði hann þar sjálfan sig. Á bak við ádeilur hans á kapitalisma bjó gremja hrokafulls menntamans, sem taldi fram hjá sér gengið, því að völdin ættu að vera í höndum sjálfvalins gáfumannafélags. Sýna kenningar hans ekki, hversu hugmyndasauóir vinstrir menn eru?

## Nýjar leiðir í Hafnarfirði

**UMRÆÐAN**  
SVEITARSTJÓRNAR-  
KOSNINGAR



**SIGURBURÐUR EYÞÓRSSON**  
FRAMBÍÐANDI

Framsóknarflokkurinn í Hafnarfirði býður fram í samstarfi við óháða. B-listinn er valkostur fyrir þá sem vilja fá nýjar hugmyndir og nýtt fólk að stjórn bæjarins. Við sem skipum B-listann förum fram undir kjörorðinu „Við getum betur“ því við erum sannfærð um að við getum betur á mörgum sviðum hér í Hafnarfirði og bjóðum fram okkar krafta til þess.

Í skipulagsmálum þarf að breyta áherslum. Hafnarfjórður

er bær í örum vexti og íbúum hefur fjölgað mjög á síðustu árum. Hins vegar hefur ekki tekist að láta uppbyggingu þjónustunnar fylgja því. Í hinu nýja Vallahverfi er ekki kominn leikskóli og ekki hefur verið hægt að bjóða upp á grunnskóla nema í bráðabirgðahúsnæði.

Allir þekkjá líka umferðarvandann í bænum á morgnana. Þau mál þarf að leysa á næsta kjörtímabili. Það eru verkefni sem eru á vegum ríkisins og einnig annarra sveitarfélaga en Hafnarfjarðar. Það þarf að setjast niður með öllum sem að málinu koma, finna lausn og fara að gera eitthvað í málinu. Fyrst þarf að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautarinnar en síðan liggur á að skipuleggja hvernig við tengjum betur nýju hverfin við Reykjavík. Þar er m.a. rætt um Ofanbyggðaveg en líka hugmyndir eins og jarð-

göng undir Setbergásinn eða Urriðaholtið sem tengdist þá Reykjanesbraut með miðlægum gatnamótum.

Miðbærinn okkar er áskorun. Við búum í bæjarfélagi í fögru umhverfi en okkur hefur ekki tekist að byggja upp lifandi miðbæ. Við viljum hugsa málin upp á nýtt og efna til samkeppni um skipulag hans þar sem við köllum eftir tillögum um uppbyggingu hans í heild. Margar hugmyndir mætti þar nefna eins og listasmíðjur, fleiri handverksfyrirtæki, nýsköpunarmiðstöð ungs fólks og fleira og fleira en mestu skiptir að hugsa svæðið í heild og það ætlum við að láta gera.

Stefnumál okkar í heild má skoða á [www.xbhafnarfjardurur.is](http://www.xbhafnarfjardurur.is).

Höfundur er í 1. sæti B-lista í Hafnarfirði.

## Kraftur og hugmyndir

**Karl Tómasson**  
skipar 1. sæti á lista VG í Mosfellsbæ.

Hugmyndaríkur athafnamaður sem lætur verkin tala.





# Það besta fyrir fjölskylduna í Kópavogi

**UMRÆÐAN**  
SVEITARSTJÓRNAR-  
KOSNINGAR



**RAGNHEIÐUR KRISTÍN**  
GUÐMUNDSDÓTTIR  
MARKAÐSÞJÓRI

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar eru samhentur hópur hæfra einstaklinga sem láta verkin tala. Á stefnuskrá okkar er fjárstyrkur til allra barna á grunn-skólaaldri til íþróttu og tómsunda þvi við vitum hvað slíkt hefur mikið forvarnargildi. Við viljum

þannig jafna tækifæri allra til að leggja stund á íþróttir og tómsundur og leggja heimilum líð vegna kostnaðar. Um leið drögum við úr brottfalli barna úr íþróttum og tómsundum.

Við ætlum að auka sjálfstæði grunn- og leikskóla og veita foreldrum val en við viljum að fjármagn verði látið fylgja nemandan óháð þvi hvar hann sækir skóla. Við munum tryggja samfelld skóla- og tónmenntastarf með sérstökum tónmenntastofum við alla grunn-skóla Kópavogs. Við ætlum að koma upp fjölskyldugarði í Fossvogsdal þar sem fjölskyldan getur notið samverustunda í notalegu umhverfi.

Nú þegar hafa leikskólalög í Kópavogi verið lækkuð um 30%.

Við munum jafnframt beita okkur fyrir þvi að fjölskyldur með fleiri en eitt barn á leikskólaaldri greiði aðeins gæslu fyrir eitt barn í einu. Við viljum tryggja stöðugt starfsmannahald á leikskólum með þvi að gera aðbúnað starfsfólks sem bestan, bæði hvað varðar endurmenntun og möguleika fyrir ófaglærða leioðberendum til að afla sér menntunar. Leikskólamálin eru einn af mikilvægustu málaflokkum í bæjarfélaginu okkar og því leggjum við ofurkapp á að leikskólamálin verði til fyrirmyndar.

Í prófkjörsbaráttu Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi í janúar sl. lagði ég mikla áherslu á fjölskyldumál og í stefnuskrá minni segir ordrétt: „Ég vil stuðla að

auknu sjálfstæði skóla og leikskóla hvað varðar námsefni og kennsluáferðir. Skólastjórnendur ættu að fá svigrúm til að þróa sínar áferðir í kennslu og þar með auka val foreldra um slíkt. Ég vil stuðla að betri nýtingu skóla-húsnæðis með það að markmiði að samræma betur tómsundur og nám. Æskilegt væri að íþróttir og tónlistarnám, sérstaklega yngstu barnanna, gætu að einhverju leyti farið fram innan vegga skólans áður en vinnudegi foreldra lýkur til að börn og foreldrar geti varið meiri tíma saman og dregið úr því álagi sem fylgir síffeldum akstri í lok dags. Huga þarf sérstaklega að tómsundum fyrir eldri börn og unglinga.“

Þessi áhersluatriði er að finna í

stefnuskrá flokksins og sýnir það hversu vel sjónarmið allra sjálfstæðismanna fá að njóta sín og hversu samtaka við sjálfstæðismenn í Kópavogi erum í vinnu okkar og stefnumótun. Sameiginlega höfum við sett fram öflugna stefnuskrá sem við treystum okkur fullilega til að standa við. Við sjálfstæðismenn í Kópavogi höfum lagt metnað okkar í að byggja upp öflugt bæjarfélag og styrkja innvið bæjarins undanfarið kjörtímabil. Við viljum áfram vera í forystu svo tryggja megi hagsæld Kópavogsbúa. Til þess þurfum við þitt atkvæði.

*Höfundur skipar 7. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar.*

## Hreinar línur

Einu sinni var úlfur í friðsælli sveit sem át allt sem á kjaftri kom, sérstaklega var hann sólginn í lömb bæðanna í sveitinni. Að lokum var bændum nóg boðið og tóku höndum saman og handsömuðu úlfinn. Úlfurinn baðst vægðar og sór og sárt við lagið að ef bændur slepptu honum þá myndi hann aldrei framur éta neitt annað en fisk. Það varð úr að bændur sáu amur á úlfinum og slepptu honum gegn þessu loforði. Fáeinum dögum síðar var úlfurinn svangur á ráfi um sveitirnar þegar hann kom auga á feitt og fallett lamb. Nokkra stund horfði úlfurinn gráðugur á lambið og sagði svo við sjálfan sig. Þetta er sjálfsgift fiskur og þvi skyldi ég ekki éta hann?

Þvi dettur mér þessi gamla dæmisaga í hug að nú geysast flestir stjórnmálaflokkar fram með háttilegu loforði og svardaga eins og venjulega fyrir kosningar. Sjálfstæðismenn líta nú sem snöggvast upp frá því að mylja undir milljónamæringana og ætla nú, allramildilegast, að huga að málefnum aldraða.

Framsóknarmenn í sínu vanalega lýðskrumi velja tvö þrjú mál sem hægt er að flassa upp á öllum heilsúgauglýsingunum, eitthvað

**UMRÆÐAN**  
BORGARSTJÓRNAR-  
KOSNINGAR



**HRAFNKELL TUMI KOLBEINSSON**  
FRAMBÍÐANDI

*Framsóknarmenn í sínu vanalega lýðskrumi velja tvö þrjú mál sem hægt er að flassa upp á öllum heilsúgauglýsingunum, eitthvað sem er n gú einfalt og laust við hugmyndafræðilegan bakgrunn - nú er eitt af st ru máluum að fjölga vatnsrennibrautum í Reykjavík.*

sem er nógu einfalt og laust við hugmyndafræðilegan bakgrunn - nú er eitt af stóru máluum að fjölga vatnsrennibrautum í Reykjavík. Hugmyndina hafa þeir sjálfsgift fengið útrá gómlu kosningaloforði ófgasinnarra jafnaðarmanna sem höfðu það

sem forgangsmál að byggja vatnsrennibraut yfir Faxaflóa.

Samfylkingarfólk hallar sér þangað sem brauðið er smurt hverju sinni og fylgir boði Formannsins um að „Samfylkingin eigi að standa vörð um miðjuna“. Eitt af forgangsverkefnum þeirra í borginni á að vera að stofna félag sem á að kanna hvaða kostir eru í boði varðandi flugvöllinn í Vatnsmýrinni - tæpum 10 árum eftir að Formaður þeirra og þáverandi borgarstjóri stóð fyrir kosningu um málið. Heyr öryggi, heyr mál mikit.

Vinstri græn er eini flokkurinn sem býður hreinar línur: Gegn stóriðju, gegn brauðmolasiðfræði, gegn alræði markaðshyggjunnar, gegn hernaðarbandalögum.

Með aðgangi allra að samfélaginu, með gjaldfrjálsum skólum og heilbrigðiskerfi, með atvinnuuppbyggingu og nýsköpun þar sem áherslan er á lítil og meðalstór fyrirtæki, með öflugum almenningsangöngum, með jafnrétti og félagslegu réttlæti.

Með öðrum orðum. Með fólki.

*Höfundur skipar 10. sæti á framboðslista Vinstri grænna í Reykjavík.*

## Eflum skapandi atvinnugreinar

**UMRÆÐAN**  
NÝSKÖPUN



**DOFRI HERMANNSSON**  
FRAMBÍÐANDI

Heimsvæðingin leiðir til þess að vörur eru framleiddar þar sem það er hagkvæmast. Við getum ekki keppt við verkafolk í Asíu í launum og þess vegna er samkeppnisstaða Íslands í grunnframleiðslu ekki góð. Þeirri þróun verður ekki snúið við. Það felast hins vegar líka tækifæri í þessari breyttu heimsmýnd og þau eignum við og verðum að nýta. Það sem framleitt er í heiminum er í vaxandi mæli afsprengi sköpunariðnaðar.

**Tækifærin í sköpunariðnaði**

Sköpunariðnaðurinn er ört vaxandi iðnaður og á þvi sviði eignum við Íslendingar mikla möguleika ef rétt er á spilum haldið. Tækifæri okkar felast í góðri almennri menntun, skapandi hugsun, viðtækri starfsreynslu og góðu almennu velferðarkerfi. Þetta eru góð skilyrði fyrir sóknjarfa frumkvöðla að skapa ný fyrirtæki og finna upp í dag það sem talið verður sjálfsgift og nauðsynlegt á morgun. Vel heppnuð íslensk dæmi um slíkt eru bylting Össurar í stóðtækjaframleiðslu, tækni-framfarir Marels í matvælaíðnaði og tölvuleikjaframleiðandann CCP sem framleiðir afþreyingu fyrir á annað hundrað þúsund manns um allan heim. En við getum og verðum að gera betur.

**Sprotar og skjól**

Áður fyrir heyrðust oft þær raddir að vonlaust væri að rækta tré á Íslandi og að þau fáu tré sem upp hefðu vaxið hefðu gert þau fyrir einhverja hundaheppi. Stundum heyrir maður sömu raddir þegar kemur að nýsköpun í atvinnulíf-inu. Rétt eins og sannast hefur í trjárækt eru fyrirtækin sem nefnd voru hér að ofan engin hundaheppi heldur hlaut óhjákvæmilega að koma að því að hæft, kappamt og framsýnt fólk hrinti hugmyndum sínum í framkvæmd. Rétt eins og í trjáræktinni þurfum við núna einungis að bæta aðstæður sprotafyrirtækja og frumkvöðla til að eignast þéttan skóg nýrra og skapandi fyrirtækja á öllum hugsanlegum sviðum.

Króftugt og skapandi atvinnulíf er forsenda þess að við getum haldið áfram að byggja hér upp gott samfélag. Þess vegna verðum við að skapa frumkvöðlum og nýsköpun betri skilyrði til þróunar og vaxtar. Það er vel hægt, það gera flestar nágrannabjórmar og okkur er í löfa lagið að leita í þær smiðjur erlendis þar sem best hefur tekist til.

**Góðar hugmyndir og frumkvæði**

Góðar hugmyndir fæðast oft þar sem þeirra er þörf. Kannski ein-

mitt þess vegna er ein fremsta nýsköpunarsmiðja heims ekki í New York eða London heldur í Herning, litlum háskólabæ á Jótlandi. Þar hafa einkaöstar, í samvinnu við háskóla, bæjarstjórn og atvinnulíf, byggt upp eina árangursríkustu nýsköpunarsmiðju heims. Árangurinn byggir á góðri leiðsögn, umhverfi þar sem háskólanemendur geta þróað hugmyndir sínar í náinni samvinnu við atvinnulíf og fjárfesta og síðast en ekki síst á góðu tengslaneti. Stjórnandi nýsköpunarsmiðjunnar í Herning leggur ríka áherslu á að smiðjan sé drifin áfram af eigin frumkvæði stjórnenda. Smiðjan má ekki verða stofnun með embættismenn sem stjórnendur heldu. Best er að hún sé rekin sem einka-fyrirtæki stutt af sveitarfélagi og einkaöðlum sem sjá sér hag af nýsköpun í atvinnulíf-inu. Þessi orð stjórnandans þurfa reyndar ekki að koma neinum á óvart sem t.d. hefur orðið vitni að hraðri og kröftugri uppbyggingu einkareknu háskólanna. Árangur þeirra stýður þessa skoðun og einkarekin nýsköpunarsmiðja með þátttöku háskóla og atvinnulífs verður þörf nýjung og lyftistöng fyrir nýsköpun í reykvisku atvinnulífi.

**Nýsköpunar fuðborg**

Reykjavík á fyrst og fremst í samkeppni við borgir í nágrannalöndum okkar, ekki við nágrannasveitarfélög eða landsbyggðina. Okkar öflugasta fólk sækir þangað sem tækifærin eru best og við viljum að sá staður sé hér. Samkeppnin um fólk virkar í báðar áttir og dæmin sanna að í borgum heimansins býr einnig fólk sem vill flytja hingað með hugmyndir sínar ef góð skilyrði eru í boði.

Við í Samfylkingunni fögnum nýjum hugmyndum og fólki sem getur gert samfélag okkar betra og viðskiptalíf okkar sterkara. Þess vegna ætlum við að skapa í Vatnsmýrinni öflugt starfsumhverfi þar sem háskólar, atvinnulíf og rannsóknarstofnanir geta starfað saman. Þess vegna leitum við í smiðju þeirra sem bestum árangri hafa náð á sviði nýsköpunar atvinnulífs. Þess vegna ætlum við að skapa í Reykjavík þau skilyrði sem þarf til að fólk geti notað þekkingu sína, hugvit og frumkvöðlakraft til að hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd. Þannig eflum við skapandi atvinnugreinar.

*Höfundur er í 7. sæti Samfylkingarinnar í Reykjavík.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnrör. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoð-anasíðunni á vísir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísu eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Askilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

## MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ / FORNÁM og KERAMIKKJÖRSVIÐ

HÖNNUN, MYNDLIST, ARKITEKTÚR?



**MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK**

býður upp á heilsdagssnám í tveim deildum skólaárið 2006 – 2007, til undirbúnings háskólanámi í sjónmenntum.

**KERAMIKKJÖRSVIÐ**  
21 einingar, í samvinnu við lönskólann í Reykjavík.

**MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ / FORNÁM**  
39 einingar, skipulagt með hljóðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla.

Inntökuþróf fyrir Myndlista- og hönnunarsviðið verður haldið **laugardaginn 27. maí**.

**UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 17. MAÍ**

Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði deildanna er að finna á heimasíðu skólans.

**MYNDLISTASKÓLINN**  
THE REYKJAVÍK SCHOOL OF ART  
Í REYKJAVÍK  
HRINGBRAUT 121 • 107 REYKJAVÍK • SÍMI 551 1990



Allir kennarar skólans eru starfandi myndlistamenn, hönnuðir eða arkitektar.



# RÚMUM! LÚSIÐ!

Eigum enn nokkrar gerðir af rúmum og rammadýnum á mjög lágu verði!



3+1+1:  
Áður kr. 249.800,-  
**nú kr. 187.350,-**  
Leður: Hvítt og brúnt.

**25-70%  
afsláttur!**



3+2:  
Áður kr. 255.000,-  
**nú kr. 160.000,-**  
Leður: Brúnt.



2ja sæta:  
Áður kr. 97.000,-  
**nú kr. 29.000,-**  
Áklæði: Brúnt og rautt.



3+2: Áður kr. 130.000,-  
**nú kr. 74.000,-**  
Stóll: Áður kr. 42.000,-  
**nú kr. 26.000,-**  
Áklæði: Brúnt og beige.



Skrifborð  
155 x 70 sm:  
Áður kr. 18.000,-  
**nú kr. 4.900,-**



Allt að  
**90%**  
afsláttur!

Calligaris - italia



Vegna rýmingar bjóðum við nú **30%** afslátt af hátískumerkinu Calligaris sem fer alla jafna aldrei á útsölu.



Stóll leður:  
Áður kr. 13.500,-  
**nú kr. 8.000,-**  
Stóll áklæði:  
Áður kr. 9.500,-  
**nú kr. 6.500,-**



Stóll leður:  
Áður kr. 19.000,-  
**nú kr. 9.500,-**



Stóll leður:  
Áður kr. 19.000,-  
**nú kr. 12.500,-**

Opið virka daga 10 - 18, laugardaga 11 - 16.



**TM - HÚSGÖGN**

Síðumúla 30 - Sími 568 6822  
tmhusgogn.is

Allt á gamla góða genginu með 25-70% afslætti!



JEAN DUBUFFET (1901-1985), LÉST PENNAN DAG.

„Fyrir mér er geðveiki ofurheilbrigði. Það sem er eðlilegt er geðveikt. Venjulegt þú ert skortur á ímyndunarafl og sköpunargleði.“



Franski listamaðurinn Jean Dubuffet fór ótróðnar slóðir í listsköpun sinni.

# tímamót

tíamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST: 12. MAÍ 1937

### Nýr konungur krýndur í Bretlandi

Georg VI og kona hans lafði Elisabet voru krýnd konungur og drottning Bretlands í Westminster þennan dag árið 1937. Georg sem stundaði nám við sjóherskólann í Dartmouth og barðist í fyrri heimstyrjöldinni varð erfingi að hásetu eftir að eldri bróðir hans, Edward VIII konungur, sagði af sér í desember 1936. Edward var fyrsti þjóðhöfðingi Englands sem afsalaði sér sjálfviljugur hásetu og titilunum. Það gerði hann til að ganga að eiga Wallis Warfield Simpson, sem var fráskilin Bandaríkjakona. Árið 1939 varð Georg konungur fyrsti þjóðhöfðingi



GEORG SJÖTTI KRÝNDUR KONUNGUR

Breta til að heimsækja Ameríku og Kanada. Hann og kona hans héldu kyrru fyrir í Buckinghamhöll í seinni heimstyrjöldinni þrátt fyrir að stöðug hættu væri á árásum. Þá hélt hann útvarpsræður til að efla baráttuvilja Breta, en til þess varð hann að sigrast á málhelti sem hann var haldinn. Konungurinn veiktist alvarlega árið 1949. Þrátt fyrir það hélt hann áfram að innna af hendi embættisskyldur sínar allt til dauðadags árið 1952. Elsta dóttir hans varð arftaki hans og var Elisabet önnur krýnd Englandsdrottning í júní 1953.

## MERKISATBURÐIR

- 1412 Einar Herjólfsson andast. Talið er að svartí dauði hafi borist með honum til Íslands árið 1402.
- 1882 Konur fá ótvíráðan en takmarkaðan kosningarétt til sveitarstjórna. Rétturinn náði aðeins til ekkna og ógíftra kvenna sem voru orðnar 25 ára.
- 1932 Sonur Charles Lindbergh finnst látinn. Honum hafði verið rænt tíu vikum áður.
- 1935 Golf er leikið í fyrsta sinn á Íslandi þegar vóllur Golfklúbbs Íslands er vígður í Laugardal.
- 1961 Lyndon B. Johnson, þá varaforséti Bandaríkjanna, heimsækir Víetnam.
- 2000 Opnun Tate safnsins í London.

## ALPJÓÐADAGUR HJÚKRUNARFRÆÐINGA Í DAG:

# Umræða um allan heim

Tólfta maí ár hvert halda hjúkrunarfræðingar alþjóðlegan dag á fæðingardegi Florence Nightingale. Dagurinn í dag er tileinkaður mönnum hjúkrunarfræðinga og afleiðingum ónógrar mönnunar. Þetta verður til umræðu um allan heim og stendur Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fyrir dagskrá er efníð í Hringisal Barnaspítala Hringinsins.



ELSA B. FRÍDFINNSDÓTTIR FORMAÐUR FÉLAGS ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA Alþjóðdagur hjúkrunarfræðinga er að þessu sinni tileinkaður mönnum hjúkrunarfræðinga sem er vandamál um allan heim.

„Yfirskrift dagsins, sem ég leyfði mér að þýða sem „Vel mannað verndar líf“, er komin til vegna þess að skortur er á hjúkrunarfræðingum um allan heim.“ segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. „Verið er að vekja athygli á að stjórnvöld þurfi að gera áttak í að fjölga hjúkrunarfræðingum. Vísindarannsóknir hafa sýnt að eftir því sem hjúkrunarfræðingar sem starfa innan heilbrigðisþjónustunnar eru fleiri og betur menntaðir reioir sjúklingunum betur af.“

lögð á stöðuna í mönnum hjúkrunarfræðinga hérlendis. „Við viljum vekja athygli á þörfinni fyrir fleiri hjúkrunarfræðinga í nánustu framtíð, meðal annars vegna þess að nú fara stórir árgangar að fara á eftirlaun, og ekki síður minna á hvaða afleiðingar það muni hafa fyrir heilbrigðisþjónustu og sjúklinga ef ekki verður brugðist við og menn undirbúi sig til að fyrirbyggja frekari skort. Skorturinn á hjúkrunarfræðingum og áhrifin sem hann hefur á sjúklingana er þekkt, og öryggi sjúklinga og öryggi hjúkrunarfræðinga fara alveg saman.“

Dagskráin hefst klukkan 14 og stendur til klukkan 16. Fundurinn verður, eins og áður sagði, haldinn í Hringisal Barnaspítala Hringinsins og verður honum varpað, með hjálp fjarfundabúnaðar, út um allt land. Elsa segir að síu háttur hafi verið hafður á háttíðahöldunum undanfarin ár. „Dagurinn hefur verið haldinn háttíðlegur hérna áratugum saman. Okkur þykir ákaflega vel við hæfi að varpa honum út því þá sitja í rauninni allir hjúkrunarfræðingar sem geta og vilja háttíðarfundinn hvar sem þeir eru á landinu.“

Elsa segir að skorturinn nái jafnt til þróunarlandanna og hins vestræna heims. „Vandamálið er vissulega ólíkt og misalvarlegt. Í þróunarrikinum kemur skorturinn að vissu leyti til vegna þess að hjúkrunarfræðingar þaðan fara til Vesturlanda til að komast í betri aðstöðu og betri laun. Í vestrænu löndunum er aftur á móti flókin þjónusta sem gerir kröfur um mikinn mannaflo og hjúkrunarfræðingar, til dæmis hér á landi, eru mjög eftirsóttir í önnur störf vegna þess að menntunin þykir góð og nýttast vel á almennum markaði.“

Í Hringisalnum verður aðaláherslan



Okkar ástkæra **Dagbjört Davíðsdóttir** frá Borgarlandi,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju mánudaginn 15. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Grund, Hringbraut 50.

Halldóra Davíðsdóttir  
Kristín Davíðsdóttir  
og aðrir aðstandendur.



Ikku innilega *f rí v au sýnda samúð og vinarbug vegna andláts og útfarar ástkærar dóttur, fösturadóttur, systur, mágkonu og frænku,*

**Lilju Guðmundsdóttir**  
Birkilundi 18, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyfjadeildar 2 á Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar og starfsfólks hjá Krabbameinsfélagi Akureyrar.

Kristjana Kristjánsdóttir      Birgir Laxdal  
Guðmundur Örn Njálsson      Guðrún Birna Jóhannsdóttir  
Sjófn Guðmundsdóttir      Sigurður Á í Eðvaldsson  
Anný Rós Guðmundsdóttir      Þír ír Freyr Stefánsson  
Katrín Lind Guðmundsdóttir      Jóhann Eyþórsson  
Dagný Guðmundsdóttir og litlu frænd- og föstursyst inin.



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, afi og langafi,

**A li Elíasson**  
Suðurgerði 2, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja að morgni 6. maí. Útför fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 13. maí kl. 14.00.

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans, er bent á líknarsjóð Kiwanis-kl bbsins Helgafells í Vestmannaeyjum. Reikningur nr. 5821582016 kl 360672 0239.

Kristín Frimannsdóttir

Atli Freyr Hjörleifsson      Kristinn Ævar Andersen  
Aldís Atladóttir      Geirprúður Þórðardóttir  
Elias Atlason  
Freyr Atlason  
Eva L. Þórarinsdóttir  
Sigurdís Ösp      Jón Valgeir  
Hlynur Már      Hulda Sif  
Birgir Hannes, Elin Björ, Davíð, Þórður Jón, Elva, Aldís Freyja, Daniel Ingi og Tanja Björt.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og frænka,  
**Ra el Benjamínsdóttir**  
Bóndi á Læk í Holtum,

lést á Landspítala í Fossvogi 9. maí sl. Jarðsett verður í Hagakirkju í Holtum laugardaginn 20. maí kl. 13.00.

Andrés Eyjólfsson      Kristján Nilsen  
Sigurborg Andrésdóttir      Guðrún Andrésdóttir  
Lilja Björ      Kristján Ingi Magnússon  
Helga Sigurjónsdóttir      Anton Bogason  
börn og barnabörn.



Faðir minn, tengdafaðir og afi,  
**Stefán Karlsson**  
handritafæðingur,

sem lést í Kaupmannahöfn 2. maí síðastliðinn, verður jarðsöngin frá Neskirkju föstudaginn 12. maí kl. 15. Á sama tíma (kl. 17) verður Stefáns minnst í H si Jóns Sigurðssonar, Øster Voldgade 12 í Kaupmannahöfn.

Steinunn Stefánsdóttir      Arthur Morthens  
Helga, Anna og Halla Tryggvadóttir.

## JARDARFARIR

- 10.30 **Jón Bergþór Argrímsson** veltjórn, Skaróshlíð 18, Akureyri, verður jarðsöngin frá Glerárkirkju.
- 13.00 **Atli Þór Hauksson**, Hrísmóum 2a, Garðabæ, verður jarðsöngin frá Digranes-kirkju.
- 13.00 **Eiríkur Hreinn Finnbogason**, Sléttuvegi 15, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni.
- 13.00 **Laufey Pálsdóttir** ljósmóðir, frá Fossi á Síðu, Dvergabakka 12, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Breiðholtskirkju.
- 13.00 **Ólafur Bj rúlfsson** hdl, fyrverandi skrifstofustjóri Tryggingastofnunar Ríkisins, Miðleiti 5, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Grensá-kirkju.
- 13.00 **Sigrúður Kristín Thorder- sen** (Dúa), áður til heimilis í Drápuhlíð 10, verður jarðsöngin frá Grafavogskirkju.
- 14.00 **Rósa Guðjónsdóttir**, Garða-vegi 8, Hvammstanga, verður jarðsöngin frá Hvammstanga-kirkju.
- 15.00 **Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir**, Kleppsvægi 24, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Laugakirkju.
- 15.00 **Jónatan Helgi Rafnsson**, Vesturtúni 26, Álfhúsin, verður jarðsöngin frá Víðal-inskirkju í Garðabæ.
- 15.00 **Sigrún Maren Jóhannsdóttir** verður jarðsöngin frá Háteigskirkju.
- 15.00 **Sigurður G. H. Ingason** fyrverandi póstreksstrafstjóri, Hvassaleiti 58, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni.
- 15.00 **Stefán Karlsson** handrita-fæðingur, verður jarðsöngin frá Neskirkju. Á sama tíma (kl. 17) verður haldin minningarhöfn um Stefán í Húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn.



## 50 ára afmæli

13. maí er fimmtugur **Sigurður Hóskuldsson** Fannborg 1, Kópavog (áður á Lundi). Af því tilefni ætlar hann að taka á móti ættingjum og vinum í Félagsheimili Kópavogs, Fannborg 2, milli kl. 16.00-18.00 á afmælisdaginn þann 13. maí.

# Í fljótu bragði virðast þessir GSM símar allir eins.

Gerðu verðsamanburð og kynntu þér hvað þú getur sparað mikið með því að færa GSM símanúmerið þitt yfir til SKO, [www.sko.is](http://www.sko.is)



	<b>Síminn</b> GSM frelsi	<b>Og Vodafone</b> GSM frelsi	<b>SKO</b> GSM þjónusta
Upphafsgjald	4,00 kr.	3,00 kr.	<b>2,90 kr.</b>
Hringt í farsíma innan sama kerfis	11,00 kr.	10,90 kr.	<b>14,90 kr.</b>
Hringt í farsíma hjá öðrum	23,00 kr.	23,10 kr.	<b>14,90 kr.</b>
SMS	10,00 kr.	10,70 kr.	<b>4,90 kr.</b>

**14,90kr.**  
Mínútuverð

**4,90 kr.**  
SMS verð

**0,00 kr.**  
Mánaðargjald

**SKO**  
Tala meira. Borga minna.



Á hvað ert þú að hlusta?

## Ferð þú á Hróarskeldu?

• 50.000 lög.  
• 1.000 myndbönd.  
398 kr.  
á viku og þú færð aðgang að öllu!



Allir þeir sem taka áskrift á Tónlist.is fyrir 1. júní geta unnið ferð fyrir tvo á Hróarskeldu í sumar.

Kynntu þér málið á Tónlist.is



TONLIST.IS

## STUÐ MILLI STRÍÐA Rusl í garðinum

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR KANN EKKI VIÐ UMGENGINI Í ALMENNINGSGÖRÐUM



Ég fékk, að því er mér fannst vera, þá frábæru hugmynd í vikunni að nota góða veðrið og boða vini mína í Hljómskálagarðinn til að grilla og njóta útíverunnar.

Við ákváðum að hittast eftir vinnu, kippa með einnota grillum til að leggja ofan á grillið í garðinum, kaupa pylsur og eiga nota-lega stund saman. Stundvíslega klukkan sex vorum við mætt og stímdum í hornið í garðinum þar sem grillið stendur og borðum hefur verið komið fyrir.

Veðrið var gott og mikið skjól í garðinum. Allt var sem sagt eins

og á var kosið nema eitt atriði – allt í kringum grillið og borðin var svo mikið rusl og drasl að það var varla verandi á staðnum. Sigarettustubbar allt um kring, hálf-opinn ruslapoki undir grillinu, bleyja á víðavangi. Alveg frámunalega sóðaleg aðkoma semsagt.

Alltaf er verið að tala um að almenningsgarðar Reykjavíkur séu ekki notaðir nógu mikið. Ég hef reynt að gera það og líkar vel. En það er auðvitað bara til að fæla mann frá því að hittast í görðunum ef umgengnin er svona og ekkert þrifið af borginni. En fyrst og fremst varð ég reyndar fyrir afar miklum vonbrigðum með samborgara mína sem þykir

greinilega sjálfsgatt að henda rusli á víðavangi. Hvernig getur staðið á því að fólki þykir það eðlilegt að nota þessa finu aðstöðu en ganga svo ekki frá eftir sig? Mér finnst það óskiljanlegt. Fólk þarf svo sannarlega að bæta umgengni sína. Og borgin greinilega að auka þriffin. Því það er ekki beinlínis lokað að fara í almenningsgarð ef aðkoman er svona.

Að lokum vil ég geta þess að stundin í garðinum með vininum var frábær. Við áttum mjög góða og skemmtilega stund. Og þegar henni var lokið þá tókum við saman allt ruslið eftir okkur, settum í poka og hentum í ruslafötun. Mjög einfalt mál. ■

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Överli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Pú og Pa

Eftir SÖB



### ■ Kj Iturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





FRIIS & CO

FRIIS  COMPANY

# Friis & Company í Kringlunni

## Enn eykst fjölbreytnin

Friis & Company opnar í dag nýja og glæsilega verslun sem eykur enn á spennandi úrval Kringlunnar.

**Frábær opnunartilboð!**

**Kringlan**  
MEG ALLT Á EINUM STAÐ

[www.kringlan.is](http://www.kringlan.is) / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200



# Innilokun í anda Sartre

Heimspeki- og menning-  
arfélag Menntaskólans  
á Akureyri frumsýnir  
leikritið Fyrir luktum dyrum  
eftir Jean-Paul Sartre á  
Litla-Hrauni í dag, Verkið,  
sem á frummálinu heitir  
Huis-clos, fjallar um þrjár  
persónur sem deyja og  
dæmast til helvítisvist-  
ar. Þetta er langstærta  
verkefni félagsins til þessa  
en það hefur meðal annars  
haft milligöngu um fyrir-  
lestrahald um heimspeki-  
leg málefni.  
Verkið er sett upp í  
samstarfi við Leikklúbbsinn  
Sögu en leikstjóri þess er  
Skúli Gautason. Aðeins ein  
sýning verður á Litla-Hrauni



JEAN-PAUL SARTRE Fyrir luktum dyrum gerist á hótélherbergi þar sem þrjár persónur kvelja hver aðra.  
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

en síðan flyst sýningin  
norður og verður færð upp  
í Deigluinni á Akureyri og  
sýnd út næstu viku.  
Ásgeir Berg Matthías-  
son, nemandi á fjórða ári í  
MA, þýðir verkið en margir  
kannast máski við hann  
sem fyrirlíða Gettu betur  
líðs skólans. „Þetta verk  
varð fyrir valinu því við í  
félaginu erum miklir áhuga-  
menn um Sartre,“ útskýrir  
þýðandinn. Verkið gerist  
á hótélherbergi þar sem  
persónurnar þrjár sjá um að  
kvelja hver aðra til eilífðar-  
nóns en að sögn Ásgeirs er  
um að ræða hádrámatískar  
aðstæður og tilvistarangist í  
anda Sartre. -khh

## > Ekki missa af...

Opnum degi í söfnum Reykjan-  
bæjar á laugardaginn. Ný aðstaða  
byggðasafns Reykjanbæjar  
við Njarðarbraut verður til sýnis,  
víkingaskipið Íslendingur, færeyskir  
listmálur sýna í Listasafni og opið  
verður í Poppinnjasafninu. Eitthvað  
fyrir alla.

Danssýningunni We are all Mar-  
lene Dietrich eftir Emu Órnars-  
dóttur og Emil Hrvatin á Listahátíð í  
Reykjavík.

Sýningu alþýðulistamannanna  
Jóns Ólafssonar, Ketils Larsen og  
Guðjóns Stefáns Kristínssonar í  
Gerðuberg. Á sýningunni gefur að  
lita málverk, skulptúra og forlíta  
vegghefðslu úr gleri og grjóti.

# menning

menning@frettabladid.is

## Dívan og djassarinn

Óperusöngkonan Sólrún Braga-  
dóttir og djasspáfínn Sigurður  
Flosason flytja tónlistardag-  
skrána „Lögin okkar“ á miðnæt-  
urtónleikum í Lónó í kvöld. Söpr-  
anródd og saxófónn er óvenjuleg  
uppstilling en þau Sólrún og Sig-  
urður munu brúa bil milli klassísk-  
ur og djasstónlistar með flutningi  
á þekktum íslenskum þjóð- og  
sönglögum í þrælskemmtilegum  
útsæmingum þar sem saxófónninn  
bregður sér í óvenjulegt hlutverk  
píanósins.  
Búast má við leikrænum til-  
burðum og líflegru sviðsfram-  
komu sem ef til vill mun ekki ein-  
skorðast við sviðið. Dagskráin er  
líður í Listahátíð í Reykjavík og  
hefst kl. 20.30.



SIGURÐUR FLOSASON SAXÓFÓNLEIKARI  
Allt getur gerst þegar divan og djassitinn  
blanda blóði við tónlist þjóðarinnar.  
FRETTABLAÐIÐ/HEIDA

- khh

## Fjölþjóðaljóðahljóða hátíð

Orð og tónar eiga stefnu-  
mót í Galleríi Humri eða  
frægd í dag en þar opnar  
sýning sem markar upphaf  
fjölþjóðahátíðarinnar „Orð-  
ið tónlist“.

Dagskrá hátíðarinnar teflir saman  
ólíku birtingarmyndum sköpunar  
í ljóðlist, tónlist og myndlist en á  
sýningunni í galleríinu verða sýnd  
hljóttengd mynd- og bókverk úr  
ólíkum áttum. Ólafur Engilberts-  
son, myndlistarmaður og fram-  
kvæmdastjóri hátíðarinnar, segir  
að markmið hennar sé aðallega að  
auka flæði milli listgreina og lista-  
manna sem vinna með ólíka miðla.  
„Verkin á sýningunni vinna með  
samruna til dæmis orðlistar, tónlist-  
ar, gjörninga og skjálistar. Við vilj-  
um sjá hvað sprettur upp úr ólíkum  
nálgunum þegar listgreinar sam-  
einast á svona listvangi,“ segir  
Ólafur.

Meðal þátttakenda í sýningunni  
eru Finnþogi Pétursson, Haraldur  
Jónsson og Kristín Björk Kristján-  
sdóttir en Ólafur á einnig verk sem  
og nemendur hans úr Listaháskóla  
Íslands sem sýna bókverk og sam-  
eiginlegt verk sem er nokkurs  
konar upplýsingaaskja eða fylgirit  
með sýningunni.

„Listamennirnir eiga það helst  
sameiginlegt að vinna með hljóð á  
einhvern hátt, að hljóði sé nokkurs  
konar brú milli orðlistar, tónlistar  
og myndlistar,“ segir Ólafur en sér-  
stök áhersla er einnig lögð á mögu-  
leika mannsráðarinnar til að skapa  
list sem er á mörkum ljóðlistar og  
tónlistar.

Útgáfufyrirtækið Smekkleysa  
hélt samefnda hátíð fyrir sex árum  
síðan en Ólafur bendir á að nú sé  
hugmyndafræði hátíðarinnar sett í  
viðara samhengi.

Dagskráin sem stendur yfir út  
næstu viku er hluti af Listahátíð í  
Reykjavík en þetta er í fyrsta skipti  
sem eiginleg „hljóðhljóða“ eða  
„fjölþjóðahljóða“ er haldin hérlendis.  
Í telfni þessa koma einnig góðir



ÓLAFUR ENGILBERTSSON MYNDLISTARMAÐUR Hlustar á listina á fyrstu formlegu fjölþjóð-  
hátíðinni sem haldin er hérlendis.  
FRETTABLAÐIÐ/GVA

gestir erlendis frá og verður mikið  
um dýróir í Hafnarhúsinu bæði í  
kvöld og um næstu helgi þegar þar  
verða flutt og framin ljóðhljóð en  
hátíðinni lýkur síðan með málþingi  
annan sunnudag. Meðal þeirra sem  
koma fram þá eru ítalska hljóðljóð-  
skáldið Enzo Minarelli, Rod Som-  
mers og Tom Winter. Í kvöld munu  
listamennirnir Steindór Andersen,  
Kolbein Bjarnason og Jóhannar

koma fram í fjölnotasal Hafnar-  
hússins með félagum úr Nýhilþón-  
um og Tilraunaeldhúsinu.

Sýningin hefst kl. 17 í dag og  
munu hinir liðtæku tónlistarmenn í  
Ghostigital koma fram og flytja  
fjölþjóðaverk við opnunina ásamt  
Braga Ólafssyni og Óskari Árna  
Óskarssyni sem lesa úr verkum  
sínum.

kristrun@frettabladid.is

**Kópavogur**

**AO Takk fyrir okkur.**

Brand	Market Share
AO	56%
Esso	24%
olis	16%
ORKAN	4%

Samkvæmt könnun elagsvísindastofnunar í mars 2006.

lestir Kópavogsbúar kjósa að Atlantsóla fái að reisa mannlusa bensínstöð í nágrenni sínu. Við þökkum traustið. Nánari upplýsingar um könnunina eru á [www.atlantsola.is](http://www.atlantsola.is).

**NFF**

Nordisk Film- & Tv Fond har sitt huvudkontor i Oslo og finansieras genom ett avtal med Nordiska Ministerrådet, 9 nordiska TV-kanaler och 5 nordiska filminstitut.

Fondens syfte är att främja produktion och distribution av audiovisuella verk i Norden genom deltagande i finansiering av produktioner av spelfilmer, TV-serier, kortfilm och kreativa dokumentärfilm av hög kvalitet. Vidare fårvaltar Fonden anslag från Nordiska Ministerrådet för distribution och filmkulturella åtgärder. [www.nff.net](http://www.nff.net)

**DIREKTÖR**

sókes till Fondens kontor i Oslo för ny 4-årsperiod från 1 november 2006 med möjlighet till förlängning i ytterligare 4 år. Film- och TV-branschen befinner sig i en dynamisk utvecklingsfas med nya och större aktörer både inom produktion, försäljning och distribution. Detta kräver en direktör med förmåga till visionärt nytänkande som kan formulera en framtidsinriktad strategi för att vidareutveckla Norden som en konstnärlig och kulturell marknad.

Sökande måste kunna dokumentera bred erfarenhet inom projektutveckling, produktion och marknadsföring/distribution av film och TV. Det är vidare en förutsättning att sökande har insikt och kunskap om den nordiska audiovisuella mediabilden och har ett brett nordiskt kontaktnät. Sökande måste behärska muntligt och skriftligt kommunikation på antingen norska, svenska eller danska samt ha goda kunskaper i engelska.

**Närmare upplysningar om tjänsten lämnas av Fondens nationella styrelseledamöter:**

Danmark: Ulla Ostbjerg, tel +45 65 91 91 91 - e-mail: uloe@tv2.dk  
 Finland: Erkki Astala, tel +358 9 1480 5392 - e-mail: erkki.astala@yle.fi  
„Þetta hefur verið mjög erfið. Þegar ég kem er mér lofað ákveðnum fjárhag, og auk þess sagt að ég fengi pening ef ég sel leikmenn eða leysi undan samningi. Það gerðist ekki þar sem allur peningurinn fór í rekstur félagsins. Það var erfiðasti bitinn að kyngja, maður þarf oft að borga leikmönnum um fyrir að fara, og þegar maður er með lítinn pening á milli handanna þá er erfið að fá til sín sterka leikmenn,” sagði Guðjón við Fréttablaðið í gær, en hann segir dvölina hfa verið erfiða á tíðum. „Að mörgu leyti var þetta erfiðara en ég bjóst við. Maður verður bara að takast á við það en skammdegíð var ansi þungt hér á köflum í vetur,” sagði Guðjón sem kveðst þó aldrei hafa ætlað sér að gefast upp. „Ég hugsaði aldrei um að hætta. Ég spurði mig aftur á móti hvort það yrði þess virði að vera hér áfram ef engar breytingar myndu eiga sér stað. Það er ekki mjög bjart framtundan, en það er betra framtundan,” sagði Guðjón sem ætlar að gera stórtækari breytingar á leikmannahópnum í sumar. „Ég er að leita að öllu, ég er þegar búinn að leysa tólf leikmenn undan samningi og hugsanlega eru fleiri á leiðinni út. Ég starfa við mjög þröngan fjárhag og ætla

ÁHYGGJUFULLUR Þó Guðjón Þórðarson hafi starfað við þröngan kost í Englandi í vetur ætlar hann að halda starfinu áfram. Guðjón sést hér áhyggjufullur á hljóðarlinnunni í vettu en Notts tapaði mörgum leikjum og rétt slapp við fall. FRETABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

að hafa færri leikmenn í hópnum á næsta tímabili. Að sama skapi munum við borga þeim meira og væntanlega fá betri leikmenn um leið,” sagði Guðjón sem var með 22 leikmenn í hópnum á tímabilinu en ætlar að fækka þeim um þrjá. Guðjón er ekkert að skafa utan

á því þegar kemur að því að tala um næsta tímabil. „Ég ætla að gera alvöru atlögu að því að fara upp. Það er kannski ekki raunhæft en ég ætla mér það samt. Ég set mér háleit markmið og nenni ekki neinu kjaftæði,” sagði Guðjón Þórðarson. hjalti@frettabladid.is

# FRÍSTUNDAHÁTÍÐ Í REYKJANESBÆ

<b>TÓMSTUNDASÝNING</b> REYKJANESHÖLLIN 11:00 - 19:00	<b>HANDVERKSSÝNING</b> REYKJANESHÖLLIN 11:00 - 19:00
<b>MÓTORHJÓLASÝNING</b> ÍPRÓTTAAKADEMIAN 11:00 - 17:00	<b>HANDVERKSSÝNING</b> ELDRI BORGARA SELID 14:00 - 18:00

<b>Ernir, bifhjólaklúbbur Suðurnesja</b> - störsýning í Þróttakademíunni	<b>Hagsmunafélag hjómsveita í Reykjanesbæ</b>	<b>REYKJANESBÆR</b>
<b>Gallerý Björg</b>	<b>Félag myndlistarmanna á Suðurnesjum</b>	<b>Aðgangur ókeypis</b>
<b>Félag harmonikkunnendna á Suðurnesjum</b>	<b>Fisfélagið Sléttan</b>	<b>TRB</b> Tómstundabandalag Reykjanesbæjar
<b>Flugmóðelfélag Suðurnesja</b>	<b>Leikfélag Keflavíkur</b>	
<b>Leiðsögumenn Reykjanes</b>	<b>Ljósoþ, félag áhugaljósmyndara</b>	
<b>Pílukastfélag Reykjanesbæjar</b>	<b>Skákfélag Reykjanesbæjar</b>	
<b>Skátafélagið Heiðabúar</b>	<b>Smábílaklúbbur Íslands</b>	
<b>Sæpotufélag Suðurnesja</b>	<b>Sportkófurnaskóli Íslands</b>	
<b>Tölvuleikjafélag Íslands</b>	<b>GRAGÁS ehf.</b>	

Stóru liðin slást um efnilegustu handboltamenn landsins:

## Björgvin í Fram og Ernir í Val?

**HANDBOLTI** Í lok handboltavertíðar hefjast vangaveltur um framtíð leikmanna en ljóst má vera að einhverjar breytingar verða á mönnum og þá sérstaklega hjá þeim sem eru í neðri deildinni og geta ekki hugsað sér að spila þar. Þeir tveir leikmenn sem eru hvað mest í umræðunni eru markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson og Mosfellingurinn Ernir Hrafn Arnarson. Björgvin Páll var í láni hjá ÍBV í vetur frá HK en hann staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að hann yrði ekki áfram í Eyjum. Einnig væri ljóst að hann yrði ekki áfram hjá HK þar sem hann gæti ekki starfað með þjálfara liðsins, Migliu Astrauskas, en ósætti þeirra á milli var til þess að hann fór upphlega til Eyja. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að val Björgvins standi



**BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON** Ver að líkindum annað hvort mark Fram eða Hauka næsta vetur.

á milli Fram og Hauka. „Ég er sammingsbundinn HK og er að fá mig lausan þaðan. Ég veit af áhuga fjögurra liða og það er allt opið í stöðunni,” sagði Björgvin Páll í gær en heimildamenn Fréttablaðsins telja líklegt að hann fari í Fram. Mosfellingurinn Einar Ingi Hrafnsson og Víkingurinn Brjánn Bjarnason hafa líka verið orðaðir mjög sterklega við Íslandsmeistarana í Safamýrinni. Ernir Hrafn Arnarson er einnig eftirsóttur en talið er að val hans standi á milli Vals og Stjörnunnar. „Ég er óákveðinn. Ég ætla að klára prófin í skólanum fyrst og tek svo ákvörðun. Það eru tvö til þrjú lið sem ég er að skoða af alvöru,” sagði Ernir Hrafn í gær en heimildamenn Fréttablaðsins hallast að því að hann fari í Val.





FYRIRLIDARNIR Spá Blikum Íslandsmeistararitilinum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/OMAR

Landsbankadeild kvenna:

## Breiðablik spáð titlinum

**FÓTBOLTI** Rétt eins og hjá körlunum er því spáð að núverandi Íslandsmeistarar kvenna, Breiðablik, muni standa aftur uppi sem sigurvegari þegar Landsbankadeild kvenna er á enda í haust. Blikar fengu 189 stig og höfðu nokkra yfirburði í spánni en í 2. sæti er Valur með 159 stig og því næst KR með 152 stig. Þór/KÁ og FH er spáð tveimur neðstu sætum deildarinnar.

SPÁIN	
1. Breiðablik	189
2. Valur	159
3. KR	152
4. Stjarnan	112
5. Keflavík	100
6. Fylkir	60
7. FH	49
8. Þór/KÁ	43

Þess má geta að spáin var að mestu unnin áður en landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir ákvað að rifta samningi sínum við Breiðablik til

á geta spilað með Malmö og áður en þýska landsliðskonan Viola Oderbrecht skrifaði undir samning við Val. Má gera ráð fyrir því að þær breytingar hefðu haft einhver áhrif á spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna deildarinnar.

- vig

Nýjung í miðasölu:

## Hægt að kaupa miða á netinu

**FÓTBOLTI** KSÍ hefur í samvinnu við miði.is ákveðið að bjóða fótboltaáhugamönnum á landinu að kaupa miða á völinn í sumar í gegnum internetið. Hægt verður að nálgast þjónustuna í gegnum vefsíðurnar ksi.is, landsbankadeildin.is, miði.is og vefsíðum félaga deildarinnar. Miðar sem keyptir í for-sölu eru 200 krónum ódýrari en þeir sem keyptir eru á völinum rétt fyrir leik.

„Með þessu skrefi erum við að stíga inn í 21. öldina og nýta okkur tæknina,“ sagði Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, þegar hann kynnti þjónustuna.

- vig

Landsbankinn og KSÍ:

## Ætla að slá áhorfendametið

**FÓTBOLTI** KSÍ, Landsbankinn og samtök félaga í Landsbankadeildinni hafa sett sér það skýra markmið í sumar að slá áhorfendametið í fyrstu deild. Núverandi met er frá árinu 2001 þegar rétt tæplega 97 þúsund manns mættu á völinn yfir sumarið en nú á að rjúfa 100 þúsund áhorfenda múrinn.

Landsbankinn mun á næstu dögum setja af stað mikla auglýsingaherferð um deildina, sem m.a. felst í einhverri umfangsmestu sjónvarpsauglýsingu sem gerð hefur verið hér á landi.

- vig

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ
9 10 11 12 13 14 15

### F studagur

- 18.30 **Motorworld** á Sýn.
- 19.00 **Gillette** sportpakinn á Sýn.
- 19.30 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttabáttur.
- 20.00 **FA bikarkeppnin** á Sýn. Keppni vetrarins rífuð upp.
- 20.30 **Súperkross** á Sýn.

Umdeild risastytta snýr aftur úr geymslu:

## Rocky Balboa sett aftur á stall í Philadelphiu

**BOX** Flest fólk með góðan smekk á kvikmyndum man eftir styttni góðu sem sást í stórmyndinni Rocky III frá 1982. Er hún af boxhetjuni Rocky Balboa sem átti að vera frá Philadelphiu en stórleikarinn Sylvester Stallone gæddi þessa alþýðuhetju lífi í einum fimm frábærum kvikmyndum.

Rocky-myndirnar gerðu mikið fyrir Philadelphiu á sínum tíma og því fékk styttn stóra að standa á besta stað í borginni til fjölda ára. Hún fór síðan á mikið flakk um borgina en endaði að lokum í geymslu borgarinnar.

Nú á að dusta rykið af styttni og koma henni aftur fyrir á góðum stað enda Stallone búinn að gera sjöttu Rocky-myndina sem heitir einfaldlega Rocky Balboa. Ekki er búið að ákveða hvar en ljóst er að hún fær góðan stað.

„Ef það er gerð mynd um Andrés Ónd í Philadelphiu er ekki víst að við myndum koma styttni af honum fyrir. Rocky er finn en við verðum að ákveða hvar við drögum línuna í framtíðinni,“ sagði einn af meðlimum borgarstjórnarinnar.

- hbg



HVAÐ ER MEÐ ÞESSA STYTITU? Rokkarinn Jon Bon Jovi veltir hér vöngum yfir styttni góðu sem eitt sinn var látin standa fyrir utan heimavöll ruðningsliðsins Philadelphia Eagles.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# LEIÐTOGANÁMSKEIÐ

fyrir  
*reykvískar konur*

Reykvískum konum er boðið á spennandi leiðtoganámskeið á Grand Hótel á sunnudaginn, 14. maí.

Námskeiðið hefst kl. 14.00 með erindi sdisar Höllu Bragadóttur, forstjóra BYKO og höfundar bókarinnar **Listin að vera leiðtogi**, og lýkur með kvennakokteil kl. 18.00.

### DAGSKRÁ

kl. 14.00 **Námskeið sett**  
Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi

kl. 14.05 **Listin að vera leiðtogi**  
sdis Halla Bragadóttir, forstjóri BYKO

kl. 16.15 **Kaffihlé**

kl. 16.30 **Tengslanet**  
Sigríður Snævarr, sendiherra

kl. 17.00 **Að hugsa stórt - og öðruvísi**  
Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir  
Hulda Dóra Styrmsdóttir, ráðgjafi  
Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor HR

kl. 18.00 **Kvennakokteill**, góðgæti og óvæntur gestur



Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu en nauðsynlegt er að skrá þátttöku í síma 515 1700 eða á leiðtoganamskeid@xd.is

Allar frekari upplýsingar er að finna á [www.betriborg.is](http://www.betriborg.is)

*Sjálfsstæðisfélagin í Reykjavík*



Sígfús Sigurðsson:

## Með tvö tilboð í höndunum

**HANDBOLTI** Sígfús Sigurðsson hefur enn ekki tekið ákvörðun hvað hann gerir hvað framtíð sína varðar, og skal engan undra miðað við þann mikla áhuga sem honum er sýndur. Í það minnsta tólf lið, sex frá Spáni og sex frá Þýskalandi hafa sýnt Sígfúsi áhuga.

„Ég er með tilboð frá Nordhorn í höndunum, og frá liði á Spáni sem er að koma upp í efstu deildina. Þeir ætla sér stóra hluti en ég var að heyrna af áhuga enn fleiri liða og því bið ég bara rólegur. Ég sé bara hvað þessi lið bjóða,“ sagði Sígfús, en nýjasti áhuginn er frá liðum í efri hluta spænsku deildarinnar.

Sígfús kvaðst einnig vera farið að pakka saman föggum sínum. „Það eru allar líkur á að ég fari en ef svo ólíklega vill til að ég verði áfram hjá Magdeburg, þá tek ég bara aftur upp úr tóskunum,“ sagði Sígfús. - hþh

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, biðlar til Svens Göran-Eriksson:

## Walcott verður að fá tækifæri

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að hafa ekkert leyft Theo Walcott að spreyta sig með Arsenal á tímabilinu, biður Arsene Wenger nú Sven Göran-Eriksson að gefa stráknum tækifæri á HM. Málafni Walcotts hafa verið skeggrædd á Englandi frá því hann var óvænt valinn í enska landsliðið sem fer á HM í sumar.

„Það virðist vera þannig að hann muni koma inn á ef Englandi gengur illa að skora. Ég held að hann sé ekki að fara að vinna HM einn síns liðs en hann getur svo sannarlega gert gæfumuninn, af hverju ætti hann ekki að fá að byrja einn eða tvo leiki?“ spyr Wenger, en aðeins þrjár leikir eru í riðlakeppni HM, stærsta knattspyrnumótí veraldar.

Walcott gekk til liðs við Arsenal frá Southampton en þrátt fyrir mikil meiðslavandræði á tímabilinu, hefur Walcott ekkert fengið að spreyta sig undir stjórn Weng-



WALCOTT Fær tækifæri lífs síns í Þýskalandi í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

er. „Ástæðan fyrir því að ég notaði hann ekki er að ég var aldrei í aðstöðu þar sem ég gat tekið áhættu. Í hverjum leik vorum við í harðri baráttu um nauðsynleg stig, annaðhvort í deildinni eða meistaraeldinni, og því þurfti ég að nota reynslumikla leikmenn,“ sagði Wenger en umtalið í kringsum Walcott hefur sett gríðarlega pressu á heróar þessa 17 ára gamla stráks.

„Pressan verður mikil á HM, bæði frá stuðningsmönnum og fjölmiðlum. Ég vona að hann nái að standast hana, hann er högvær en sterkur persónuleiki,“ sagði Wenger, en hann hefur gert heiðursmannasamkomulag við Eriksson um að nota Walcott ekki í úrslitaleik meistaraeldarinnar í næstu. Þar mætir Arsenal sterku liði Barcelona í leik sem beðið er með mikilli eftirvæntingu um gjörvalla Evrópu. - hþh



THEÓDÓR ELMAR BJARNASON Er sagður einn allra efnilegasti leikmaður Celtic.

FRÉTTABLAÐIÐ

Theódór Elmar Bjarnason:

## Vann bikarinn í Skotlandi

**FÓTBOLTI** Unglingalandsliðsmaðurinn Theódór Elmar Bjarnason varð í fyrtrakvöld bikarmeistari með U-19 ára liði Celtic annað árið í röð, en þá lék liðið Hearts í framlengdum úrslitaleik, 3-1. Theódór átti mjög góðan leik fyrir Celtic og skoraði meðal annars fyrsta mark liðsins.

Það er fjárir því að Theódór hafi verið eini Íslendingurinn sem tók þátt í leiknum því í byrjunarliði Hearts var að finna tvo unglíngalandsliðsmenn sem eru á mála hjá skoska félaginu, markvörðinn Harald Björnsson og miðjumanninn Eggert Gunnþór Jónsson. - vig

## ÚR SPORTINU

Steven Gerrard, fyrirlíði Liverpool, hefur komið ungstíminu Theo Walcott til varnar gegn þeim sem segja hann ekki tilbúinn að spila með enska landsliðinu á HM. Gerrard segir að Walcott hafi alla burði til að vera leynivopn Englendíngi í Þýskalandi. „Ég var hissa þegar ég heyrði af valinu en mér finnst það ekki svo galið. Hann er óskuffjótur og mjög spennandi leikmaður en það besta er að enginn veit neitt um hann. Í svona stórmótum þarf að taka áhættu og vonandi mun hún borga sig,“ segir Gerrard.



Tottenham er við það að ganga frá kaupum á búlgarska sóknarmanninum Dimitar Berbatov frá Bayer Leverkusen. Talið er að enska liðið muni greiða allt að 10 milljónir fyrir Berbatov.



Leverkusen hafa lýst því yfir að viðræður gangi vel og að framhaldið velti á leikmanninum sjálfum. Með kaupnum á Berbatov má álykta að meintur áhugi Tottenham á Eidi Smára Guðjohnsen sé úr sögunni, enda eru tveir öflugir framherjar þegar á mála hjá félaginu.

Jean-Micheal Aulas, forseti Lyon í Frakklandi, lýsti því yfir í gær að hann væri reiðubúinn að greiða allt að 30 milljónir punda fyrir Didier Drogba, sóknarmann Chelsea. Franska liðið var á höttunum á eftir Drogba þegar hann gekk til liðs við Chelsea á sínum tíma en talið er að Drogba hafi sjálfur áhuga á að fara aftur til Frakklands. „Við höfum fylgst með honum í mörg ár og viljum fá hann,“ sagði Aulas í gær.



Miami Heat, með snillinginn Dwayne Wade í fararbroddi, jafnaði metin í rímmunni við New Jersey í undanúrslitum Austurdeildar NBA í fyrriót með örugum 111-89 sigri í öðrum leik liðanna. Wade skoraði 17 stig í fyrsta leikhlutunum og alls 31 stig í leiknum. LA Clippers náði einnig að jafna metin í 1-1 í rímmu sinni við Phoenix í undanúrslitum Vesturdeildarinnar með því að bursta andstæðinga sína, 122-97.

LEGGHLÍFAR FRÁ KR. 2.490.-  
FÓTBOLTAR FRÁ KR. 1.990.-  
SKÓR FRÁ KR. 4.990.-

SOGA BOXING





**WILLIAM GALLAS** Er kominn með nóg af því að vera Englandsmestari og vill prófa sig á Spáni eða Ítalíu.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

William Gallas vill ólmur komast frá Chelsea:

## Ætlar að kaupa sig út úr samningi sínum við félagið

**FÓTBOLTI** Franski varnarmaðurinn William Gallas vill greinilega með engu móti vera áfram í herbúðum Englandsmestaranna Chelsea því hann er nú sagður ætla að kaupa upp samninginn sem hann hefur við félagið, en ennþá er eitt ár eftir af honum. Það myndi kosta Gallas fimm milljónir punda sem hann er þó tilbúinn að greiða úr eigin vasa, svo óánægður er hann. Gallas hefur farið fram á að vera seldur innan næstu tveggja vikna, ell-egar grípi hann til eigin ráða.

Gallas lék frábærlega með Chelsea í vetur og skoraði m.a. fimm mörk í deildinni. Mörg stórlíð hafa áhuga á að fá varnarmanninn til sín en Gallas er sagður vera búinn að útiloka önnur félög en AC Milan, Juventus og Barcelona.

John Terry, fyrirlíði Chelsea, vill alls ekki að Gallas fari frá félaginu. „Hann er búinn að vera ótrúlegur í ár. Við leikmennirnir viljum allir að hann verði hér áfram og ég hef sagt honum það,” sagði Terry í gær. -vfg



**MEISTARAR** Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir og Greta Mjöll Samueldsdóttir sjást hér með bikarinn sem Blikastúlkur fengu fyrir sigur á Val í Meistarakeppni KSI á milli sín. Breiðablik burstaði leikinn 5-1 og skoraði Greta Mjöll eitt mark. FRETABLAÐ/OMAR



**HJÁLPARBLOKK** Amar Sæþórsson, línumaður Fylkis, sést hér hindra Kára Kristjánsson, kollega sinn hjá Haukum, í að ná til Helmis Arnar Arnasonar. FRETABLAÐ/EÓL

# Haukar sigruðu í háspennuleik

Haukar urðu í gær deildabikarmeistarar karla í handbolta þegar þeir sigruðu Fylkismenn eftir tví-framlengdan maraþonleik í Árbænum, 35-36.

**HANDBOLTI** Fylkismenn byrjuðu betur á heimavelli sínum í Árbænum og skoruðu tvö fyrstu mörk leiksins. Þá vöknúðu Haukar, skoruðu fimm mörk í röð, og tóku öll völd á vellinum. Það gekk illa hjá Fylkismönnum að brjóta vörn Hafnfirðinganna á bak aftur og ekki bætti úr skák að Birkir Ívar Guðmundsson tók að verja nánast allt sem á markíð kom.

Haukar náðu mest sjö marka forskoti í fyrri hálfleik, 15-8 en Fylkismenn voru sterkari á lokaspretti hálfleiksins og náðu að rétta úr kútnum, staðan 13-17 í hálfleik.

Fylkismenn héldu uppteknum hætti í síðari hálfleik. Þeir byrjuðu mjög vel, skoruðu fyrstu fjögur mörkin og jöfnuðu leikinn í 17-17. Eftir að hafa lent 23-20 undir, skoruðu Fylkismenn fimm mörk í röð og komust yfir í fyrsta skipti síðan í byrjun leiks. Frábær karakter í Fylkisliðinu smitaði út frá sér og lokamínúturnar voru æsispennandi. Þegar örfáar sekúndur lífðu leiks gátu Fylkismenn tryggt sér sigur í stöðunni 28-28, það tókst ekki og því varð að fram-

lengja leikinn.

Fylkismenn gátu þakkað Hlynri Morthens, markmanni liðsins, fyrir að staðan var 29-29 eftir fyrri hálfleik framlengingarinnar. Hann varði fjögur skot í henni en síðari hálfleikurinn var æsispennandi. Staðan var jöfn 31-31 þegar einn leikmaður Hauka var rekin af velli og fimmtán sekúndur eftir. Birkir Ívar bjargaði þá Haukum og varði frá Hreini Haukssyni og tryggði Haukum aðra framlengingu.

Mikið var um mistök á báða bóga en eftir fyrri hálfleik fyrri hálfleik, síðari framlengingar höfðu Haukar einu marki yfir 33-32. Þegar á hólminn var komið voru Haukar sterkari og þeir innbyrðu að lokum 35-36 sigur.

Hlynur Morthens í marki Fylkis gerði sig sekan um slæm mistök á lokasekúndunum þegar Fylkismenn unnu boltann en Hlynur fann engan samherja til að senda á og kastaði því boltanum frá sér. Fyrir vikið náði Fylkir ekki að byggja upp sókn og Haukar fögnuðu sigri.

-hþh

### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

#### Deildabikar karla:

**FYLKIR-HAUKAR** X-X  
**M rk Fylkis:** Heimir Órn Arnason 8, Eymar Kruger 8, Guðlaugur Arnason 6, Amar Sæþórsson 5.  
**Varin skot:** Hlynur Morthens 24.  
**M rk Hauka:** Andri Stefan 9, Jón Karl Björnsson 9, Kári Kristjánsson 5, Árni Þór Sigtryggsson 4.  
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 28.

Haukar unnu einvígið samtals 2-0 og eru deildabikarmeistarar.

#### talski bikarinn:

**INTER-MALMÖ** 2-3  
**1-0 Esteban Cambiasso** (6), 2-0 Julio Cruz (45), 3-0 Obafemi Martins (77), 3-1 SC. Nonda (80).

Inter vann samanlagt 4-2 og er Italskur bikarmeistari annað árið í röð.

#### Meistarakeppni KS - konur:

**BREIÐABLIK-VALUR** 5-1  
**1-0 Edda Garðarsdóttir**, 1-1 Guðný Óðinsdóttir, 2-1 Vanja Stefanovic, 3-1 Edda Garðarsdóttir, 4-1 Greta Mjöll Samueldsdóttir, 5-1 Vanja Stefanovic.

#### Sænska knattspyrnan:

**DIJURGARDEN-MALMÖ** 2-3  
**Emil Hallfreðsson** spilaði allan leikinn fyrir Malmö en **Kári Arnason** kom inn á sem varamaður á 65. mínútu fyrir Djurgarden.  
**HELSINGBORG-HALMSTAD** 1-1  
**Gunnar Heiðar Þorvaldsson** spilaði fyrstu 88. mínúturnar fyrir Halmstad.  
**HACKEN-AIK** 0-1  
**ELFSBORG-GEFLE** 0-1

# FERSKT Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

## SÓMI

**SAMLOKA**  
 RÚKJUSALAT  
 ROAST BEEF  
 HANGIKJÖT & SALAT  
 TUNFISKISSALAT  
 HELLISBITI  
 KJUKLINGUR & EGG  
 KALKÚNN OG TÍMATBRAUÐ

**LANGLOKA**  
 ROAST BEEF  
 KJUKLINGUR & LÉTTSSÖA  
 SKINKA, EGG & PÍTUSÖA  
 SKINKA, OSTUR & SINNEPSSÖA  
 OSTUR, GRÄNMETI & SINNEPSSÖA

**SAMLOKURIST**  
 SKINKA & OSTUR  
 SKINKA, OSTUR & BEIKON

**LANGLOKURIST**  
 SKINKA, OSTUR & PEPPERONI  
 KJUKLINGUR, OSTUR & BEIKON

**HAMBORGARI**  
 LÚXSIBORGARI  
 HAMBORGARI MEB OSTI

**BÁTUR**  
 KJÖTLOKA MED NAUTAHAKKI OG OSTI  
 KJÖTLOKA MED NAUTAHAKKI, SVEPPUM & OSTI  
 SKINKA, ASPAS & BEIKON

**PASTABAKKAR**  
 KJUKLINGUR  
 SKINKA

**TORTILLA**  
 REYKT SKINKA & EGG  
 TIKKA MASALA KJUKLINGUR  
 FETAOSTUR & SPINAT  
 KJUKLINGUR & PESTO  
 ROAST BEEF  
 BACON & EGG  
 LÚXS SKINKA & EGG  
 BIRKIREYKT HANGIKJÖT

**SÓMAHORN**



ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„You know, Norman, you really are the sweetest man in the world, but I'm the only one who knows it.“

Svar: Ethel úr On Golden Pond frá 1981.

# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SNÆFRÍÐUR INGADÓTTIR** VILL EKKI HORFA Á MTV Í ANNARRA HÚSUM

## Léleg gestrisni

Ég vil halda því fram að gestrisni Íslendinga fari hrakandi. Þetta sést best á því að trekkir trekk kem ég í heimsókn til vina og vandamanna, bæði boðin eða óvænt, og í stað þess að vera boðið upp á kaffi og kleinur er manni vísað til sætis í stofu þar sem sjónvarpið er í fullum gangi. Sumir sjá þá kurteisari að lækka í tækinu en það er sjaldnast slökkt á því. Þetta gerir það að verkum að bæði ég og húsráðandinn rennum ósjálfrátt augnum á skjáinn og dettum jafnvel af og til út úr umráðunum, enda getur verið erfitt verk að halda uppi samræðum og spá um leið í hvað sé að gerast á skjá sem ekkert hljóð er á. Aðrir vinir mínir standa alltaf upp og skipta yfir á MTV þegar einhver kemur í heimsókn. Það er nefnilega notalegt að spjalla með góða tónlist í bakgrunninum. En MTV er lítið skárri en önnur sjónvarpsdagskrá þegar maður er staddur í annarra húsum. Það er sama hversu djúsi fréttir maður hefur fram að færa það er einfaldlega erfitt að keppa um athyglina við fákæddar stelpur sem dilla bossanum eins og þær eigi lífið að leysa á skjánum.

Af hverju lekkur fólk ekki bara alveg á sjónvarpinu og setur frekar einhvern góðan disk í spilarann (t.d. nýja diskinn með Jack Johnson)? Af hverju getur fólk ekki bara horft hvort á annað þegar það er að tala saman? Ef ég vil horfa á sjónvarpið þá get ég bara gert það heima hjá mér, ég þarf ekki að heimsækja aðra til þess. Ég er komin til þess að hitta húsráðandann ekki sjónvarpi hans!



MTV Sjónvarpið er kannski orðið örjufanlegur hlutur af fjölskyldunni.

Margir barir eru líka með sjónvarpstæki og þá er gjarnan MTV látið rúlla á skjánum alla nóttina. Þá glápa bargestir saman á myndbönd sem allir hafa séð 100 sinnum áður og þurfa lítið að tala saman og geta þess í stað drukkið meira. Gaman, eða þannig. Ég hreinlega skil ekki þessa sjónvarpsáráttu. Sjónvarpið er kannski orðið slíkur örjufanlegur partur af fjölskyldunni á mörgum heimilum að ekki er hægt að slökkva á því. Maður lekkur náttúrulega ekki á fjölskyldumeðlimum þó að gestir komi í heimsókn.

▶ 21.45  
**Hasar**  
KISS OF THE DRAGON

▶ 20.05  
**Gaman**  
SIMPSONS

▶ 22.00  
**Spenna**  
SUPERNATURAL

▶ 20.00  
**Drama**  
ONE TREE HILL

▶ 21.10  
**Fréttaskýringar**  
48 HOURS

**SJÓNVARPIÐ**

**SIRKUS**

**SKJÁREINN**

**NFS**

6.58 Ísland í bí íð 9.00 Bold and he Beau ífl 9.20 í finu formi 9.35 Oprah 10.20 My Wife and Kids 10.40 Alf 11.05 Það var lagið

12.00 Hádegisfré ir 12.25 Neighbours 12.50 í finu formi 13.05 Home Improvemen 13.30 3rd Rock From he Sun 13.55 En ourage 14.25 Blue Collar TV 14.45 Arres ed Developmen 15.10 Makeovers 16.00 Barna imi 17.15 Bold and he Beau ífl 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

7.00 6 í sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

7.00 Ísland í bí íð 9.00 Fré avak in fyrir hádegi 11.40 Bro úr dagskrá

16.45 Leiðarfrjós 17.30 Lis ah á íð í Reykjavík 18.20 Táknafrjós ír

12.00 Hádegisfré ir 12.25 Neighbours 12.50 í finu formi 13.05 Home Improvemen 13.30 3rd Rock From he Sun 13.55 En ourage 14.25 Blue Collar TV 14.45 Arres ed Developmen 15.10 Makeovers 16.00 Barna imi 17.15 Bold and he Beau ífl 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

15.20 Ripley's Believe i or no ! (e) 16.05 Game ívi (e) 16.35 Dr. 90210 (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 í sjö

12.00 Hádegisfré ir/Markaðurim/Íþró a-fré ir/Veðurfré ir 13.00 Íþró ir/lífs íll 13.10 Íþró ír – í umsjá Þors eins Gunnarssonar. 14.00 Fré avak in ef ír hádegi 17.00 Fimmfré ir 18.00 Kvöldfré ir/Ísland í dag/Íþró ir/Veður

18.30 Ungar ofurhetjur (4:26) (Teen Ti ans II) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag ▶ 20.05 Simpsons (16:21) Þrumuveður skekur Springfield með þeim afleiðingum að þakið byrjar að leka hjá Simpsons hjónunum. 20.30 Two and a Half Men (6:24) 20.55 Stelpurnar (16:24) S elpurnar einu og sönnu hafa nú fær sig um se , yfir á fíós udaga. 21.20 Beauty and the Geek (5:7) Í frys á skíp í þurfa þörin að vinna saman sem hópur íl að se ja up jaldbúðir. 22.05 The Final Cut (Minnisklipparinn) Ahugaverð og spennandi vísindaskáldsaga sem geris í fram iðinni. Bönnuð börnum.

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 20.00 Sirkus RVK (e) 20.30 Splash TV 2006 (e) 21.00 Bak við böndin (6:7) Ellen og Erna munu skyggas „bak við böndin“. 21.30 Tívoli Skemm i- og fræðsluþá urinn Tívoli er s ú fullur af fjöri og fróðleik. ▶ 22.00 Supernatural (13:22) (e) (Rou e 666) Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnesku hjálpað föður þeirra að finna illu íll sem myr u móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag íl þess að finna föður sinn. Bönnuð börnum. 22.45 X-Files (e) (Ráðgá ur)

19.00 Frasier 19.35 Everybody loves Raymond (e) ▶ 20.00 One Tree Hill Þæ imir gefa rúveröuga mynd af lífi og samskip um nokk-urra ungmenna í bænum One Tree Hill. 20.50 Stargate SG-1 Afar vandadír þæ ir byggðir á samnefndi kvikmynd frá 1994. 21.40 Ripley's Believe it or not! Í þá unum er farið um heim allan, ræ við og fjall- að um óvenjulegar aðs æður, sér- kennileiga eins akinga og furðuleg fyr- iarbæri. 22.30 Celebrities Uncensored – lokapáttur Fræga fólkíð er ekki all af prúð- mennskan uppmáluð. Sjáið hina hlíð- ina á glámsmyndinni.

20.00 Fréttir 20.10 Kompás (e) Íslenskur fré askýringa- þá ur í umsjá Jóhannesar Kr. Kris- jánssonar. Í hverjum þæ ir eru ekin fyrir þrjú íl fjögur mál og krufin íl merjar. Eins og nafnið gefur íl kynna verður farið yfir víðan völl og verður þæ inum ekkur óviðkom- andi. 21.00 Fréttir ▶ 21.10 48 Hours (48 s undir) Bandarískur fré askýringaþá ur. 22.00 Fréttir Fré ir og veður 22.30 Kompás (e) Kynnur eru þulir NFS, Sig- mundur Emir Rúnarsson Logi Berg- mann Eðsson, Edda Andrésó ír o.íll.

23.20 Gildran (Kvikmyndaskoðun elur mynd- ina ekki hæfa ahorfendum yngri en 12 ára. e) 1.05 Ú varpsfré ir í dagskrárfók

23.40 Mys í River (S ranglega bönnuð bör- num) 1.55 The Guys 3.20 Grind (Bönnuð börnum) 5.00 Fré ir og Ísland í dag 6.35 Tónlis armyndbönd frá Popp Tívi

23.15 The Dead Zone (e) 0.00 C.S.I: Miami (e) 0.50 Rockface (e) 1.35 Tívaldurur Jay Leno (e) 3.05 Ós óðandi ónlis

23.15 Kvöldfré ir/Ísland í dag/Íþró ir/Veður 0.15 Fré avak in fyrir hádegi 3.15 Fré avak - in ef ír hádegi 6.15 Kompás (e)

**BIÓ STÖÐ 2 BIÓ**

6.00 Greenfingers 8.00 Wind in he Willows 10.00 Good Advice 12.00 Dodgeball: A True Underdog S ory 14.00 Greenfingers 16.00 Wind in he Willows 18.00 Good Advice 20.00 Dodgeball: A True Underdog Story (Sko- bol í: Sónn daga um líl ilmagna) Óborgarleg gamanmynd með Ben S íller og Vince Vaug- hn sem varð ein sú vinsælas a sem sýnd var í kvikmyndahúsum á síðas á ír. Í myndinni gera þeir s ólpagrin að íþró amyndum, all frá Rocky íl Kara e Kíd. 22.00 Gothika

(Mar röð) Ógnvekjandi hrollvekja með Halle Berry og Robert Downey jr. Berry leikur geð- lækni sem vaknar upp í sinni vers u mar röð, sem sjúklingur á geðsjúkráhusinu sem hún vann ei sinn á. S ranglega bönnuð börnum. 0.00 The 51s S a e (S ranglega bönnuð börnum) 2.00 Robocop 2 (S ranglega bönnuð börnum) 4.00 Go hika (S ranglega bönnuð börnum)

**OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.

**E! ENTERTAINMENT**

Girls 12.00 E! News 12.30 S yle S ar 13.00 's So Over: 50 Bigges Celebn y Break-Ups 15.00 The E! True Hollywood S ory 17.00 Ho Love Gone Bad 17.30 E! News Special 18.00 E! News 18.30 Number One Single 19.00 The E! True Hollywood S ory 20.00 101 Crazies TV Women s 21.00 Rich Kids: Ca e Drive 22.00 Wild On Tara 22.30 E! News Special 23.00 101 Crazies TV Women s 0.00 Wild On Tara 0.30 Pop S ars Gone Bad 1.00 The E! True Hollywood S ory 2.00 Gull y

**AKSIÓN**

Fré apá urinn Kor er er sýndur kl.18.15 og endur- sýndur á klukkua íma fres í kl. 9.15

# The Champagne Club

Happy Hour  
Friday & Saturday  
From 21:00 – 01:00  
Opið öll kvöld frá 21:00

Fyrstir koma, fyrstir fá

Hafnarstræti 17 / S: 820 2230

www.champagneclub.biz







HRÓSID


...fær kaffihúsið Hljómáland sem býður viðskiptavinum upp á yndislega afstappaða stemningu, heimilislegar innréttingar, reyklaut loft og lífrænt ræktaðar vörur.

REYKJAVÍKURNÆTUR: HARPA PÉTURSDÓTTIR SÉR SJÉNSA Í SUMAR

S Í, S Í skín á mig!

Það er alltaf jafn gaman að fylgjast með okkur Íslendingum þegar fyrsta almennilega sólin brýst út. Þá er eins og við umhverfumst og breytumst í sólarjúka einstaklinga enda ekki furða eftir margra mánaða vetur. Við hökum að sjálfsgöðu inni allan veturinn enda nenna fáir að slappa af úti í hríðinni. Ég rölli niður í bæ á laugardaginn þegar fyrsti hlíý dagur sumarsins rann upp. Þá var ansi margt um manninn á Austurvelli og öll kaffihús borgarinnar sem bjóða upp á útsetu voru uppfull og einhverra hluta vegna voru allir með bros á vör og sölgjaraugu í stil. Það er ekki annað hægt eftir langan áhyggjuvetur en að leggja vandamálin á hilluna í nokkra daga, setja upp sparibrosið og njóta við. Það er allavega á hreinu að það er bannað að velta sér upp úr áhyggjum og standa í veseini í þessa fáu fallegu daga sem við fáum ár hvert. Það er líka þannig að á þessum dögum eru allir stemmdir í spjall og heilsa öllum sem þeir þekkja hið minnsta úti á götu. Hver haldiði að nenni að stoppa í „small talk“ úti í biluðu

roki við einhvern sem hann var með í barnaskóla? Það var nefnilega svo krúttlegt að ég varð vitni að einu svona spjalli þegar ég sat á kaffihúsi við Austurvöll. Þá var það þannig að ung kona og maður sátu á sitthvori borðinu við völlinn. Svo heilsuðu þau vandræðalega og stuttu síðar færði ungi maðurinn sig til konunnar. En hún sat einmitt við hlíðina á mér. Hann bauð henni upp á hvítvinsglas og þau spjölluðu um hvað hefði drífið á daga þeirra frá því í Hagaskólanum og kjöftuðu viðstöðulaust í örugglega klukkutíma. Hann minnst á hversu mikið hún hefði breyst með árunum og heillaði hana með ævintýrlegum sögum af ferðalögum sínum og vinnu. Hvort hann var með á þessum veit ég ekki en eitt er víst, allar konur hefðu bráðnað í stólum þar sem hann verður að teljast afar reyndur



og heimsvanur maður. Það skemmtilega við þetta var að áður en hún þurfti að bjóta í vinnu bauð hann henni út að borða til að halda samræðunum áfram. Hún þáði það og hélt svo brosandí í burtu. Þetta gerði daginn fyrir mig. Það er bara svo gaman að vera fluga á vegg og fylgjast með fólki dragast saman. Ég held og ég vona að við séum að líkjast örlitli frændum okkar frá Evrópu. Við erum farin að taka upp útimenningu þeirra og getum setið tímumum saman á kaffihúsum og spjallað við aðra en þá sem eru í innsta hring. Það er nefnilega málið! Það hefur enginn gaman af því að vera á endalausum hlaupum og horfa alltaf í hina áttina til að komast hjá því að heilsa. Ég ætla að vona að það verði margir sólar dagar í sumar svo við komumst öll á sjéns, en athugið þó vel hver situr á næsta borði!

21 18 16 14 12 9 6 1 2 3 4 5 7 8 10 11 13 15 17 19 20

LÁRÉTT

2 óskiptu 6 hæð 8 sægur 9 yfir rúm 11 frá 12 flott 14 smápeningar 16 nafnorð 17 fjór 18 tunnu 20 golf áhald 21 gort.

LÖBÉTT

1 líkamshluti 3 í röð 4 sendir 5 dýrahljóð 7 skemmtun 10 frostskekkjandi 13 bein 15 eyja 16 lík 19 tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 öllu, 6 ás, 8 mor, 9 lak, 11 ánu, 12 smær, 14 kíkk, 16 no, 17 fer, 18 ánu, 20 tí, 21 raup. LÖBÉTT: 1 háls, 3 lm, 4 loftnet, 5 ur, 6 samkoma, 10 kal, 13 ríf, 15 lík, 16 nár, 19 un

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Ef hún blótar á sviðinu
2 Seltjarnarnes og Álftanes
3 Sevilla

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

ARI ALEXANDER: GERIR NÝJA HEIMILDARMÞND

Rætt við fræga hugsuði

Alþjóðlega listasetrið að Eiðum í eigu Sigurjóns Sighvatssonar á í samstarfi við Ara Alexander Ergis Mangússon um gerð hundrað þátta heimildarmyndaseríu sem byggja á viðtölum hins heimsþekktu sýningarstjóra Hans Ulrich Obrist, við fjölmarga skapandi hugsuði um víða veröld. Mörg viðtalanna fara fram að Eiðum en önnur verða tekin í hinum ýmsu stórborgum heimsins. Alls hafa um tuttugu viðtöl þegar farið fram.

Ari Alexander mun leikstýra þáttunum en hann er einn þeirra fremstu í sínu fagi hérlendis. Fréttablaðið tók hann tali og spurði hann nánar út í þetta samstarfsverkefni. „Samstarf mitt með Sigurjóni hefur gengið vonum framam en við unnum saman að gerð heimildarmyndarinnar Gargandi Snilld sem Sigurjón átti frumkvæði að. Nú leiðum við hesta okkar aftur saman í mun stærra verkefni þar sem tónlistarfólk, myndlistarmenn, rithöfundar, vísindamenn, málfræðingar og heimspekingar, allt heimsþekkt fólk, verður tekið tali af ekki minni manni en Hans Ulrich Obrist sem er sýningarstjóri Nýlistasafnsins í París. Grunnhugsunin að baki þáttaröðinni lýtur að spurningunni, hvað býr að baki svo skapandi hugsuðum. Það er einstakur heiður að fá tækifæri til að vinna með Ulrich Obrist og eins að komast í tæri við þá flöru skapandi fólks sem hann mun ræða við.“ Meðal þeirra fjöldamörgu sem rætt verður við eru, Yoko Ono, Matthew Barney, Ólafur Elíasson, J.G. Ballard, Miriam Backström, Magnús Blöndal, Juan Garcia Esquivel og Alain Robbe-Grillet og Björn Roth.“ Hér eru aðeins sárafáir heimsþekktir hugsuðir og listamenn nefndir til sögunnar.

Hver þáttur sem ráðgert er að framleiða fyrir sjónvarp verður um tuttugu og sjö mínútur að lengd, en jafnframt verða viðtölin birt í fullri lengd á DVD-diskum eða um níutíu mínútur að lengd, hvert og eitt þeirra. Verkefnið er ekki fullfjármagnað en Ari segist vongóður um að sú hlið gangi fljótt eftir. „Þetta er langtímaverkefni



ARI ALEXANDER Endurnýjar samstarfið við Sigurjón Sighvatsson en þeir gerðu garðinn frægan með heimildarmyndinni Gargandi Snilld. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARD

sem mun í það minnsta standa yfir næstu þrjú til fimm árin. „Þessi þáttaröð er einstök að því leyti að hún mun veita innsyn í hugarheim einhverra þekktustu og frumlegustu andans menn samtímans en

það hlýtur að teljast ómetanlegt til skilnings á þeim tímum sem við lifum og hrærumst í, bæði fyrir okkur samtímafólk og þær kynslóðir sem koma munu, segir Ari að lokum.“ -brb

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mynd Ólafs Jóhannessonar, Africa United, er nú sýnd í norsku kvikmyndahúsum. Norðmenn hafa tekið ágætlega á móti myndinni sem var forsýnd á íslensku kvikmyndahátíð í Cinemateket í



Osló á miðvikudag. Dagblaðið Aftenposten gefur myndinni fjórar stjörnur af sex og setur ekkert út á hana nema þá myndatökuna en myndavélin er sögð oft vera á mikilli hreyfingu. Aftenposten tók einnig ágætis viðtal við Ólaf en hann hefur verið duglegur að kynna myndina í norsku fjölmiðlum og meðal annars hefur hann mætt í viðtöl þar sem hann hefur reynt að halda uppi samræðum á norsku með misgóðum árangri. Í viðtalinu í Aftenposten gagnrýnir Ólafur norska knattspyrnusambandið fyrir að hafa ekki svarað neinum bréfum en hugmyndir hafa verið uppi um það að sambandið gæti hugsanlega nýtt sér myndina í eigin herferð gegn rasisma. Fréttablaðið veitir fyrir sér á hvaða tungumáli bréfið hafi verið skrifað... Ólafur ætti kannski að senda sambandinu nýtt bréf og hafa það á ensku, það væri kannski skiljanlegra.

Eurovision - keppnin virðist vera komin í uppnám hjá Íslendingum en hin skrautlega persóna Ágústu Evu Erlendsdóttur, Silva Nött, hefur farið mikinn að undanförunu. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær

hótar Samband evrópskra sjónvarpsstöðva að visa laginu úr keppni vegna óviðurkvæmlegrs orðalags en textanum var breytt eftir að hafa verið sendur út til hinna sjónvarpsstöðvanna og inniheldur hið vinsæla blótsryði „fuck.“ Fréttir af Ólafi Hrönn og Ingvari E. Sigurðssyni í hlutverkum Silvu og Mario vöktu einnig litla káttu meðal aðdáenda sem bauluðu á eftirhermar. Gamaníð gæti því heldur verið farið að kárna hjá Ágústu Evu, Gauki Úlfarsyni og hinum í Eurovision - hópnun en þau eru nú stóð í Grikklandi að undirbúa sig fyrir undankeppnina sem fram fer 18. maí. Víst er að einn þeirra sem myndi gráta þurrum tárum yfir brottvisun Silvu væri Kristján Hreinsson, Skerjafjarðarskáld, en hann barðist ótullega fyrir því að laginu yrði hent út eftir að það lak á netið þegar undankeppnin fór fram hér á landi.



INGA ÞÓRA INGVARSDÓTTIR Hún sigraði í undanúrslitabætti Meistarans með glæsibrag og mætti Jónasi Erni Helgasmni í úrslitabættinum.

NR STÓR HUMAR GRILLPINNAR SIGIN GRÁSLEPPA FISKBÚÐIN HAFBERG Gæðarvogi 44, sími 588 8686 opnið alla laugardegi 10-14

Inga Þóra sigraði með glæsibrag afar drengilega eins og allir hafa gert. Í úrslitakeppninni mun Inga Þóra mæta Jónasi Erni Helgasmni en hann er yngsti keppandi Meistarans. Athygli vekur að þau voru bæði í Gettu Betur liði Menntaskólans við Hamrahlíð. „Inga Þóra og Jónas virðast bæði vera mjög sterk á taugum en það er það sem skiptir einna mestu máli. Ég er ekki viss um að fólk geri sér grein fyrir því hversu erftitt þetta er. Það er meira en að segja það að gera þetta. Í næstu viku munum við svo sýna upprifjunarþátt þar sem verður farið yfir undanfarna bætti en úrslitabætturinn verður svo sýndur á Uppstigningardag.“

FORSALA ER HAFIN STÆRSTU MYND RSINS!

# THE DA VINCI CODE

LEITIÐ SANNLEIKANS 19. MAÍ

BYGGÐ VINSÆLUSTU SK LDSÖGU VERALDAR!

MÍÐASALAN DA VINCI CODE ER HAFIN. VELJIÐ SÝNINGARTÍMA OG KVIKMYNDAHÚS SEM YKKUR HENTAR

**SMÁRA BÍÓ**

**Föstudagur 19. maí**  
Sýnd kl 2, 4, 5, 7, 8, 10 og 11  
Sýnd í Lúxus 2, 5, 8 og 11  
**Laugardagur 20. maí**  
Sýnd kl 11.30, 3, 4, 7, 8, 10 og 11  
Sýnd í Lúxus 3, 8 og 11  
**Sunnudagur 21. maí**  
Sýnd kl 12, 1, 4, 5, 7, 8, 10 og 11  
Sýnd í Lúxus 12, 5, 8 og 11

**SELFÖSS BÍÓ**

**Föstudagur 19. maí**  
Sýnd kl 5, 8 og 11  
**Laugardagur 20. maí**  
Sýnd kl 2, 5, 8 og 11  
**Sunnudagur 21. maí**  
Sýnd kl 2, 5, 8 og 11

**REGNBOGINN**

**Föstudagur 19. maí**  
Sýnd kl 3, 6 og 9  
**Laugardagur 20. maí**  
Sýnd kl 3, 6 og 9  
**Sunnudagur 21. maí**  
Sýnd kl 3, 6 og 9

Uppselt er á sýningar  
merktar með rauðu!

**Borgarbíó**

**Föstudagur 19. maí**  
Sýnd kl 5, 8, 10 og 12 á miðn.  
**Laugardagur 20. maí**  
Sýnd kl 2, 5, 8, 10 og 12 á miðn.  
**Sunnudagur 21. maí**  
Sýnd kl 5, 8 og 10

**BÍÓ**

**Föstudagur 19. maí**  
Sýnd kl 5, 8 og 10.50  
**Laugardagur 20. maí**  
Sýnd kl 2, 5, 8 og 10.50  
**Sunnudagur 21. maí**  
Sýnd kl 2, 5, 8 og 10.50

**Háskólabíó**

**Föstudagur 19. maí**  
Sýnd kl 4, 7 og 10  
**Laugardagur 20. maí**  
Sýnd kl 4, 7 og 10  
**Sunnudagur 21. maí**  
Sýnd kl 4, 7 og 10

ALFABAKKA  
**SAMBÍÓ**

**Föstudagur 19. maí**  
Sýnd kl 3, 6 og 9 og 12 á miðn.  
Sýnd í VIP kl 3, 6 og 9 og 12 á miðn.  
**Laugardagur 20. maí**  
Sýnd kl 3, 6 og 9 og 12 á miðn.  
Sýnd í VIP kl 3, 6 og 9 og 12 á miðn.  
**Sunnudagur 21. maí**  
Sýnd kl 3, 6 og 9 og 12 á miðn.  
Sýnd í VIP kl 3, 6 og 9 og 12 á miðn.

KEFLAVÍK  
**SAMBÍÓ**

**Föstudagur 19. maí**  
Sýnd kl 5, 8 og 11  
**Laugardagur 20. maí**  
Sýnd kl 2, 5, 8 og 11  
**Sunnudagur 21. maí**  
Sýnd kl 2, 5, 8 og 11

 Landsbankinn

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Í TÍMA. FORÐIST BIÐRÁÐIR.

 BÍÓ.IS  
— allt á einum stað

 sena





## BAKANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

### Kattahryggir og flökkuhundar

Einkennilegt pláss Kósóvó. Virkar á mann eins og utan við allan veruleika. Samt ótal sögur. Eins og af karlinum sem á veitingahúsið Marco Polo. Af einhverjum ástæðum var þessi maður, sem býr lengst inni í landi, sjómaður hér áður fyrr. Meira að segja útgerðarmaður. Átti sinn bát og allt.

EINN daginn var bátum stolið en stuttu síðar frétti karlinn af honum einhvers staðar í á sem gengur í Miðjarðarhafið. Hann samdi við jaxla í sínu landi um að sækja dallinn og greiddi þeim væna fúlgur fyrir. Þeir fundu dallinn og misunuðu honum niður eftir ánni en á leiðinni heim, hittu þeir athafnamenn sem buðu þeim hærra verð fyrir hann en upphaflegur eigandi hafði greitt þeim fyrir að sækja hann. Auðvitað seldu þeir hæstbjóðanda skektuna sem þeir áttu ekkert í. Mánuði seinna frétti fyrrverandi útgerðarmaðurinn að báturinn hefði sokkið í Miðjarðarhafið.

NÚ rekur hann veitingahús sem býður upp á þurrt, grátt ket eins og svo margir staðir í Kósóvó. Litur út eins og úrbeindur hryggur en er svo fingert að maður getur eiginlega ekki ímyndað sér að það komi af stærra dýri en ketti. Búið að bjástra við að steikja það lengi dags svo skósólafilingurinn blívi. Kalla þetta nautaket. Franskar með. Biðji maður um sósu, er auðvitað alveg sjálfsagt að maður fái sveppasósu. Sósan sú er gúllassúpa sem nokkrum sneiðum af dósasveppum hefur verið fleygt út í.

FYRIR utan veitingahúsið nokkur stykki úr herskara flökkuhunda sem ganga um Pristinaborg að kjamsa í sig það sem gestir leifa. Ærinn skammtur. Þeir eru lúsugir, skítugir og með hundæði. Plága í plássinu. Ekki alls fyrir löngu, þegar innfæddir voru farnir að vera nokkuð til friðs og hættir að plaffa hver annan niður á öllum götuhornum, var hluti af alþjóðaherum, norski hlutinn, fenginn til þess að nýta rólega daga í að fækka í liði flökkuhunda. Þeir réðust í málið af þaulhugsaðri herkænsku — en nokkrum dögum seinna fréttist heim til Noregs að herinn þeirra væri að slátra hundum, saklausum dýrum, í Kósóvó. Það varð allt vitlaust og herinn steinhætti að skjóta hunda. Nú fjólgar þeim ört.

MÁTTUR dýravernsamtaka í hinum vestræna heimi hefur heilabægið lýðinn svo gersamlega með sinni pólitísku rétttrúnaðarstefnu að það er vísað að innan tíðar verðum við öll étin af albönskum flökkuhundum og hvöllum úr gæludýrafjölskyldunni Keikó.

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Ótrúlegt en satt  
**393 kr.** á dag\*

**KIA Picanto**  
KIA Picanto 1,0 LX 5 gíra beinskíptur 5 dyra

**KIA Picanto** er lipur, fallegur og nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra kostar aðeins 1.195.000 kr. Picanto er einnig fánlegur sjálfskíptur, einn fárra smábíla. **Fæst einnig með aftmikilli 75 hestafla og sérlega sparneytinni dísilvél.**

*KIA umboðið er eini viðurkendi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.*

\*11.807 kr. á mánuði m.v. 30% útborgun og bílasamning hjá SP fjármögnun í 84 mánuði.



KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

**Taktu þátt í HM leik KIA** og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.



**KIA MOTORS**

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000